

Mál nr. 1048/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 30.07.2025 , **Fyrir hönd:** Vinnueftirlit ríkisins

Viðhengi:

1.1.Coda Terminal Ölfusi_Matsáætlun_umsögn VER.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

3. september 2025
UOS2507297/V.L.J.

Umsögn um matsáætlun Coda stöðvar í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 23. júlí 2025, þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um matsáætlun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar móttöku- og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð (CO₂) í Ölfusi, sem birt var í Skipulagsgátt í samræmi við ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þar kemur fram að í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggst vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Framkvæmdarlýsing

Coda Terminal hf. undirbýr framkvæmdir við móttöku- og geymslustöð fyrir koldíoxíð (CO₂) í Ölfusi, sem nefnist Coda stöðin. Áætlað er að binda allt að 3.000.000 tonn af CO₂ á ári í Coda stöðinni í fjórum áföngum með því að nýta Carbfix tæknina á þrjátíu ára líftíma stöðvarinnar. Í Coda stöðinni mun verða tekið á móti fljótandi CO₂ sem fangað verður úr iðnaðarútbæstri í Norður-Evrópu og dælt niður til varanlegrar geymslu í landi Nessands í Ölfusi með Carbfix tækninni. Jafnframt verður mögulegt að dæla niður CO₂ sem fangað er beint úr andrúmslofti og frá innlendum iðnaði.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Í kafla 1.2 í matsáætlun er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð.

Starfsleyfi þarf til geymslu koldíoxíðs í jörðu, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu. Gerist þörf á könnun við val á geymslusvæði í því skyni að afla nauðsynlegra upplýsinga, þarf til þess könnunarleyfi, sbr. 33. gr. c. laga nr. 7/1998 og 4. gr. reglugerðar nr. 1430/2022. Í matsáætlun kemur fram að Carbfix hyggist sækja um könnunarleyfi á svæðinu í því skyni að afla nauðsynlegra upplýsinga um geymslusvæðið.

Í kafla 1.2. í matsáætlun kemur fram að framkvæmdin sé háð ýmsum leyfum, þar á meðal losunarleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun vegna geymslu gróðurhúsalofttegunda í jörðu, sbr. lög nr. 96/2023 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS lög). Stofnunin bendir á að föngun gróðurhúsalofttegunda frá starfsstöðvum sem falla undir viðauk I í ETS lögunum og hverskyns flutningur gróðurhúsalofttegunda til geymslu er einnig háður losunarleyfi, sbr. 9. gr. og I. viðauki við ETS lögin. Þannig þarf losunarleyfi að vera í gildi fyrir alla hluta keðjunnar, frá föngun til geymslu.

Vatnamál

Í matsáætlun kemur fram að Carbfix tæknin krefst vatns sem nýtt er til að leysa upp CO₂ og til að tryggja örugga niðurdælingu. Fyrirhuguð vatnsnotkun framkvæmdarinnar við full afköst er áætluð allt að 3.000 l/s og fram kemur að notkunin muni samanstanda af bæði ferskvatni og jarðsjó. Til skoðunar er staðsetning vatnstöku. Umhverfis- og orkustofnun telur mikilvægt að könnuð verði möguleg áhrif fyrirhugaðrar upptöku og niðurdælingar í jarðlög í landi Nessands. Einnig er vert að skýra, þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar í framlögðum gögnum, eiginleika vatnsins, hvort um sé að ræða jarðsjó, ferskvatn eða millilag milli fersks- og saltvatns og í hvaða magni.

Fram kemur í 28. gr. laga nr. 36/2011 að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Umhverfis- og orkustofnun bendir á mikilvægi þess að ítarlegt áhrifamat liggi fyrir áður en umsókn um leyfi til framkvæmda sé lögð fram til þess að leyfisveitendur geti lagt það til grundvallar við afgreiðslu umsóknar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að æskilegt sé að vinna áhrifamat á vatnshlot sem hluta af umhverfismati.

Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að skv. 10. gr. laga nr. 111/2011 er heimilt að framkvæma mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar skv. lögunum samhliða mati á umhverfisáhrifum samkvæmt öðrum lögum. Stofnunin telur æskilegt að mat á áhrifum á vatnshlot skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sé framkvæmt samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði.

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 (104-290-G). Lögbundin markmið grunnvatnshlota eru að efnafræðilegt ástand þeirra sé gott og magnstaða sé góð. Þar sem ástand grunnvatnshlotsins er óþekkt, leggur Umhverfis- og orkustofnun áherslu á nákvæma vöktun áhrifa á vatnsfar. Vöktunin skal tryggja greiningu á helstu áhrifaþáttum, þ.m.t. vatnsgæði, vatnsmagn og öryggi við flutning og niðurdælingu, með viðeigandi mælingum og eftirliti. Umhverfismarkmið vatnshlotsins er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand þeirra ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega.

Samlegðaráhrif

Áætluð vatnstaka hefur áhrif á grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3 (104-290-G). Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fyrirséð er að töluvert álag verði á grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 3, þar sem einnig eru áform um fiskeldi og annan iðnað á svæðinu. Framkvæmdaraðili tekur fram í matsáætlun að hann muni taka rannsóknir vegna fiskeldisframkvæmda inn í umhverfismatsvinnuna. Umhverfis- og orkustofnun bendir þó á að einnig er á svæðinu vatnsból Þorlákshafnar sem og vatnsátöppunarverksmiðjur sem þarf einnig að gera grein fyrir í umhverfismatinu.

Til að tryggja að magnstaða vatnshlotsins haldist góð er nauðsynlegt að leggja nákvæmt mat á áhrif nýtingarinnar á hæð vatnsborðs, sem og áhrif á blandlag ferskvatns og jarðsjós á svæðinu. Stofnunin bendir á að skv. kafla 2.1.2. í viðauka III við reglugerð nr. 535/2011 er skilgreining á góðri magnstöðu m.a. sú að breytingar á straumstefnu vegna vatnsborðsbreytinga megi ekki hafa í för með sér innstreymi salts.

Samsetning koldíoxíðsstraums

Samkvæmt 12. gr. reglugerðar nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs skal koldíoxíðsstraumur vera að langmestu leyti úr koldíoxíði. Af þeim sökum má ekki bæta í hann úrgangi eða öðru efni í því skyni að farga þeim úrgangi eða öðru efni. Koldíoxíðsstraumur getur þó innihaldið tilfallandi, tengd efni úr uppsprettunni, fönguninni eða niðurdælingarferlinu og snefilefni sem bætt er í hann til að auðvelda vöktun og sannprófun á flæði koldíoxíðs.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í matsáætlun er ekki er fjallað um áhrif samsetningar koldíoxíðsstraumsins á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins. Æskilegt væri að framkvæmdaraðili skoði nokkrar sviðsmyndir miðað við samsetningu koldíoxíðsstraumsins og hvaða efni önnur en koldíoxíð gætu verið í honum og meti áhrif þeirra. Æskilegt væri að greina hvort þar gæti verið um að ræða mengandi efni og hvert magn þeirra væri enda skal styrkur allra tilfallandi tengdra efna ekki vera svo hár að hann brjóti í bága við aðra viðeigandi löggjöf. Löggjöfin sem um ræðir er m.a.:

- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns
- Reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Í kafla 2.3 í viðauka III við reglugerð nr. 535/2011 er fjallað um efnafræðilegt ástand grunnvatns og m.a. eru tilgreind viðsnúnings- og viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni. Mikilvægt er að taka mið af þessum gildum til að leggja mat á hvort styrkur efnis sem telst mengunarvaldur í niðurdælingarvökva gæti leitt til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiði sínu, en slíkt er almennt óheimilt samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að þörf er að vakta þau yfirborðsvatnshlot sem framkvæmdin getur haft áhrif á, þar sem skilgreining á góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatnshlota nær meðal annars til tengdra yfirborðsvatnshlota. Styrkur mengunarvalda í grunnvatnshlotinu má ekki valda því að umhverfismarkmið fyrir tengd yfirborðsvatnshlot, náist ekki eða að vistfræðilegu eða efnafræðilegum gæðum slíkra vatnshlota hraki umtalsvert eða umtalsvert tjón verði á landvistkerfum sem háð eru grunnvatnshlotinu. Vöktun á tengdum yfirborðsvatnshlotum, líkt og Hlíðarvatni er því nauðsynleg og er mikilvægt að leggja mat á áhrif á tengd yfirborðsvatnshlot við framkvæmd og rekstur.

Jarðborun

Á framkvæmdarsvæði Coda stöðvar er gert ráð fyrir borholum. Í því felst að bora allt að þrjár rannsóknarholur ásamt tveimur vöktunarholum á svæðinu. Tilgangurinn er að auka þekkingu á jarðlögum svæðisins og meta fýsileika þess sem niðurdælingarsvæðis. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að lágmarka umhverfisáhrif vegna borana. Nauðsynlegt er að hafa í huga mögulega mengun vegna borana og grípa til viðeigandi varúðarráðstafana. Huga þarf að hönnun og staðsetningu svarfþróa til að forðast mengun frá frænnisli.

Einnig er bent á 22. gr. laga nr. 57/1998 þar sem fram kemur að við jarðboranir sem framkvæmdar eru skv. lögnum skuli færa dagbók og skylt er að láta Umhverfis- og orkustofnun í té afrit af dagbókinni eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Gefnar hafa verið út reglur er varða skráningu, hönnun og frágang borholna, sem og skil á upplýsingum sem má nálgast á vefsetri Umhverfis- og orkustofnunar¹.

Geymslugeymir

Í kafla 7.1.1. er fjallað um geymslugeyminn. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á geymslugeyminn eru eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB um geymslu koltvísýrings í jörðu, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að reglugerð nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu gildir um geymslu koldíoxíðs og vantar á þennan lista.

Loftslag

Í kafla 7.2 um loftslag er fjallað um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag. Umhverfis- og orkustofnun telur vanta í listann yfir viðmið loftslagsstefnu Ölfus en loftslagsstefna Höfuðborgarsvæðisins er nefnd þó svo að framkvæmdin sé í Ölfusi. Þá vantar tilvísun í lög nr.

¹ [OS-2019-R01-01-Borholureglur.pdf](#)

96/2003 um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir enda er framkvæmdin háð losunarleyfi. Græni sáttmáli Evrópusambandsins er lagður til grundvallar og því væri rétt að leggja Fit for 55 regluverk Evrópusambandsins einnig til grundvallar.

Jarðskjálftavirkni

Umhverfis- og orkustofnun vill benda á að við val á geymslusvæði í skilningi reglugerðar nr. 1430/2022 er nothæfi jarðmyndunar ákvarðað með lýsingu og mati á hugsanlegum geymslugeymi og nærliggjandi svæði samkvæmt viðmiðunum sem tilgreind eru í viðauka I reglugerðarinnar. Nánari leiðbeiningar um slíkt mat er að finna í leiðbeiningarskjölum 2 (e. Guidance document)². Æskilegt er að tekið sé mið af leiðbeiningunum við mat á áhrifum framkvæmdarinnar og að leiðbeiningarskjölin séu lögð til grundvallar. Í kafla 7.6.1.1. er til að mynda fjallað um gögn og viðmið varðandi jarðskjálftavirkni en í leiðbeiningarskjali 2 er einmitt fjallað um jarðskjálftavirkni í kafla 3.3.6.

Samantekt

Umhverfis- og orkustofnun tekur undir þá nálgun sem sett er fram í matsáætlun um jarðskjálftavirkni og telur að hún nái yfir þau atriði sem skipta máli við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Jafnframt telur Umhverfis- og orkustofnun jákvætt að Carbfix hyggst fylgja reglum Orkustofnunar um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar vökva í jörðu um borhulur, nr. OS-2016-R01-01. Hins vegar telur Umhverfis- og orkustofnun að bæta megi umfjöllun um loftslagsmál, vatnamál og áhrif af samsetningu koldíoxíðsstraumsins. Þá telur stofnunin æskilegt að mat á áhrifum á vatnshlot skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sé framkvæmt samhliða umhverfismati framkvæmdarinnar í samræmi við 10. gr. laga nr. 111/2021.

Virðingarfyllst,

Vigdís Louise Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hlín Gísladóttir
Lögfræðingur

² Guidance document 2, Characterisation of the storage complex, CO₂ stream composition, monitoring and corrective measures.

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 04.09.2025 , **Fyrir hönd:** Sveitarfélagið Ölfus

Viðhengi:

35.1.Umsögn Ölfus.pdf

Umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss um matsáætlun Coda stöðvar í Ölfusi (Carbfix / Coda Terminal hf.)

Sveitarfélagið Ölfus hefur farið yfir framlagða matsáætlun Coda Terminal hf. vegna fyrirhugaðrar móttöku- og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð (CO₂) í Nessandi í Ölfusi. Sveitarfélagið leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar verði eftirfarandi atriðum gerð ítarleg grein:

1. Skipulagsmál og landnotkun

- Framkvæmdasvæðið er samkvæmt gildandi aðalskipulagi að hluta skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL1), opið svæði (OP5) og landbúnaðarsvæði (L1).
- Ljóst er að gera þarf breytingu á aðalskipulagi áður en framkvæmdin getur farið fram.
- Ekki liggur fyrir hvernig best sé að móta slíka breytingu. Hugsanlegt er að svæðið verði skilgreint sem iðnaðarsvæði, en einnig kemur til greina að halda því sem skógræktar- eða landgræðslusvæði með sérskilmálum sem heimila niðurdælingu koltvíoxíðs og tilheyrandi borteiga.
- Í umhverfismati þarf að sýna skýrt hvernig mismunandi útfærslur skipulagsbreytinga gætu haft áhrif á ásjón, landnotkun og samræmi við stefnu sveitarfélagsins.

2. Vatnsvernd og vatnafar

- Mikilvægt er að meta áhrif vatnstöku og niðurdælingar á grunnvatnsstrauma, vatnsból og Hlíðarvatn í Selvogi.
- Í umhverfismati þarf sérstaklega að gera áhrifamat vatnshluts í samræmi við lög og reglugerðir.
- Sveitarfélagið leggur áherslu á að vöktun grunnvatns verði tryggð með viðeigandi hætti, annaðhvort í umsjón framkvæmdaraðila sjálfs eða í samstarfi við aðra notendur, til dæmis í gegnum aðild að Hydros verkefninu á Þorlákshafnarsvæðinu.

3. Samfélagsáhrif

- Fjalla þarf ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á Þorlákshöfn og nærsamfélagið, m.a. vegna:
 - Áhrif á ásjón hafnar og byggðar.

- Áhrif á atvinnu, búsetu og ímynd sveitarfélagsins.
- Mikilvægt er að leggja mat á möguleg jákvæð efnahagsleg áhrif verkefnisins fyrir sveitarfélagið.

4. Náttúruvernd og jarðmyndanir

- Fjalla þarf um áhrif framkvæmda á hraunmyndanir, vistgerðir og gróður.
- Sveitarfélagið leggur áherslu á að endurheimt raskaðra svæða verði gerð með aðferðum sem reynst hafa árangursríkar á Hellisheiði og Nesjavöllum.

5. Náttúruvá

- Mat á jarðskjálftahættu og mögulegum eldgosum þarf að vera ítarlegt.
- Meta þarf hvort náttúruvá geti haft áhrif á rekstur og öryggi framkvæmdarinnar, eða hvort framkvæmdin geti aukið áhættu (t.d. þrýstingsbreytingar vegna niðurdælingar).

6. Hafnarframkvæmdir og sjóflutningar

- Þar sem endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir um hvort nýta eigi Þorlákshöfn eða Keflavík sem löndunarstað er mikilvægt að meta áhrif beggja kosta sérstaklega.

7. Samráð og kynning

- Sveitarfélagið leggur áherslu á að íbúa í Ölfusi, sérstaklega í Þorlákshöfn og Selvogi, verði virkir þátttakendur í samráðsferlinu.
- Nauðsynlegt er að halda opna kynningarfundum á svæðinu og gera upplýsingar aðgengilegar á íslensku á einfaldan og skiljanlegan hátt.

Niðurstaða

Sveitarfélagið Ölfus telur að framlögð matsáætlun sé traustur grunnur að umhverfismati en leggur áherslu á að ofangreind atriði verði ítarlega greind í umhverfismatsskýrslu. Sérstaklega er brýnt að fjalla um áhrif á vatnsvernd, jarðmyndanir og samfélag, auk þess sem tryggja þarf að samráð við íbúa verði viðtækt og raunhæft.

F.h. Sveitarfélagsins Ölfus



EMBAÐTTI SKIPULAGSFULLTRÚA
SVEITARFÉLAGIÐ ÖLFUS
4. SEP. 2025
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Sveitarfélagið Ölfus

Mál nr. 1048/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 05.09.2025

Viðhengi:

36.1.Coda-stöð, matsáætlun - umsögn LogS.pdf



Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
sent á skipulag@skipulag.is

Selfossi, 4. september 2025

Efni: **Coda stöðin Ölfusi, mat á umhverfisáhrifum. Kynning matsáætlunar, mnr. 1048/2025.**

Frestur var til 27. ágúst 2025. Stofnunin mun ekki hafa fengið sérstaka umsagnarbeiðni um málið. Undirritaður hefur þó kynnt sér það eftir ábendingu frá kollega. *Land og skógur* tók í árssbyrjun 2025 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögnin er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Í matsáætluninni kemur fram að svæðið sem undir er er nær allur Nessandur í gamla Selvogshreppi. Svæðið er skráð sem skógræktar- og landgræðslusvæði í gildandi aðalskipulagi svf. Ölfuss. Skv. skóglendissvefsjá¹ Lands og skógar eru allvíðlendar birkigróðursetningar á svæðinu (um 400 ha), sem þó sjást ekki glögglega á loftmynd (t.d. www.map.is). V.a.m. þá ættu birkiskógar, jafnt ræktaðir sem náttúrulegir, að vera tilgreindir í vistgerðakortum NÁTT, en það er þó óvíst hvort svo er í tilviki ungra skóga eða þar sem tré standa gisið. Vera má og að aðrar gróðursetningar en birki finnist á svæðinu.

Undirrituðum er ókunnugt um stöðu birkigróðursetninga þessara, hvort þær hafa komist á legg eða hve gamlar þær eru. Þessvegna telur undirritaður rétt að við umhverfismat sé það skoðað sérstaklega, enda myndu birkigróðursetningar þessar falla undir lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019, þ.m.t. 19. gr. laganna.

Stofnunin óskar eftir því að við umhverfismat verði tekin afstaða til þess

- hvort uppvaxandi (birki)skógar eru á svæðinu, og
- hver áhrif framkvæmdarinnar yrðu á þá.

Undirritaður veitir nánari upplýsingar sé þess óskað, bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550

¹ Hér má finna kortasjárnar o.fl.:

<https://portal.land.is/portal/apps/experiencebuilder/experience/?id=4edbc5b964bc4e2bacc4b559623f7677&p age=Fors%C3%AD%C3%B0a>

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK
Ísland

Reykjavík, 30.7.2025
Tilvísun: 202507-000950/6.01.04

Varðandi

Matsáætlun framkvæmdaðila og áform um byggingu og rekstur Coda stöðvar Ölfusi.

Við er til erindis Skipulagstofnunar dags 23.07.2025 þar sem óskað er eftir að Vinnueftirlitið gefi umsögn um matsáætlun framkvæmdaraðila (Carbfix) um áform um byggingu og rekstur Coda stöðvar Ölfusi.

Mat á matsáætlun framkvæmdaraðila vegna áforma um byggingu Coda stöðvarinnar Ölfusi varðar ekki hlutverk Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina fyrir sitt leiti á þessu stigi, en minnir á að við hönnun, framkvæmdir og uppsetningu mannvirkja í tengslum við Coda stöðina Ölfusi taki tillit til laga nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Um starfsemina eða hluta hennar gilda jafnframt eftirfarandi reglugerðir sem heyra undir stofnunina og taka þarf tillit til :

- nr. 581/1995 um Húsnæði vinnustaða
- nr. 1005/2009 um Vélar og tæknilegan búnað
- nr. 553/2004 um Verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum
- nr. 390/2009 um Mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum

Virðingarfyllst,
f.h. Vinnueftirlits ríkisins

Birgir M Guðmundsson

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Efni: Vegna áforma Carbfix hf. um niðurdælingar í Ölfusi.
Ég mótmæli harðlega áformum Carbfix/OR um innflutning og niðurdælingu allt að 3 milljóna tonna koldíoxíðs á ári, auk „tilfallandi efna“, í jarðlög í Ölfusi! Slík framkvæmd ógnar einni dýrmætustu auðlind Íslendinga – neysluvatninu – og felur í sér óásættanlega áhættu fyrir náttúru, samfélag og matvælaframleiðslu.

Neysluvatn og matvælaöryggi: Ísland nýtur sérstöðu þar sem 98% kranavatns er ómeðhöndlað. Mengun grunnvatns gæti haft óafturkræfar afleiðingar fyrir heilsu almennings, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Tilfallandi efni: Framkvæmdaaðili viðurkennir tilvist þeirra en leggur ekki fram gögn. Við 0,02% hlutfall gætu allt að 600 tonn slíkra efna borist niður árlega, þar af sum heilsuspillandi.

Framsetning: Óásættanlegt er að kynna niðurdælingarvökva sem drykkjarhæfan eða kalla stöðvarnar „sódavatnsstöðvar“. Um iðnaðarvökva er að ræða.

Lagaumgjörð og lýðræði: Alþingi hefur ekki fjallað sérstaklega um innflutning og urðun loftslagsúrgangs. Reglugerð 1430/2022 var tekin upp án þjóðfélagslegrar umræðu, án umræðu á Alþingi þrátt fyrir stefnumótandi áhrif á náttúru og samfélag.

Óvissa og áhætta: Þrátt fyrir fullvissu framkvæmdaaðila viðurkenna gögn að hætta á leka sé til staðar. Slík áhætta gagnvart vatnsvernd er ekki ásættanleg!

Samanburður við önnur lönd: Þýskaland, Holland, Danmörk og fleiri ríki hafa hafnað CCS-verkefnum vegna öryggis- og samfélagsáhættu.

Vatnsnotkun: Áformin krefjast allt að 3.000 lítra ferskvatns á sekúndu! Það er óverjandi fórn á hreinu vatni fyrir slíka óvissu og græðgispeningapúnga!

Þjóðarhagsmál: Niðurdæling erlends loftslagsúrgangs snertir orðspor og hagsmuni Íslands sem umhverfisvæns lands. Ísland er ekki urðunarstaður annarra ríkja. Ég legg ríka áherslu á að þessi áform verði stöðvuð án tafar og að áður fari fram víðtæk samfélagsleg umræða og umfjöllun á Alþingi. Ísland á að standa vörð um vatn sitt og náttúru og ekki bjóða sig fram sem urðunarstað Evrópu.

Kær kveðja,
Kristín Lárusdóttir.

Höfundur: Kristín Lárusdóttir

Sent inn þann: 26.08.2025

Viðhengi:

10.1.Coda stoð Ölfusi UMSO“GN.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Efni: Vegna áforma Carbfix hf. um niðurdælingar í Ölfusi.

Ég mótmæli harðlega áformum Carbfix/OR um innflutning og niðurdælingu allt að 3 milljóna tonna koldíoxíðs á ári, auk „tilfallandi efna“, í jarðlög í Ölfusi! Slík framkvæmd ógnar einni dýrmætustu auðlind Íslendinga – neysluvatninu – og felur í sér óásættanlega áhættu fyrir náttúru, samfélag og matvælaframleiðslu.

Neysluvatn og matvælaöryggi: Ísland nýtur sérstöðu þar sem 98% kranavats er ómeðhöndlað. Mengun grunnvats gæti haft óafturkræfar afleiðingar fyrir heilsu almennings, fiskeldi og matvælaframleiðslu.

Tilfallandi efni: Framkvæmdaaðili viðurkennir tilvist þeirra en leggur ekki fram gögn. Við 0,02% hlutfall gætu allt að 600 tonn slíkra efna borist niður árlega, þar af sum heilsuspillandi.

Framsetning: Óásættanlegt er að kynna niðurdælingarvökva sem drykkjarhæfan eða kalla stöðvarnar „sódavatnsstöðvar“. Um iðnaðarvökva er að ræða.

Lagaumgjörð og lýðræði: Alþingi hefur ekki fjallað sérstaklega um innflutning og urðun loftslagsúrgangs. Reglugerð 1430/2022 var tekin upp án þjóðfélagslegrar umræðu, án umræðu á Alþingi þrátt fyrir stefnumótandi áhrif á náttúru og samfélag.

Óvissa og áhætta: Þrátt fyrir fullvissu framkvæmdaaðila viðurkenna gögn að hætta á leka sé til staðar. Slík áhætta gagnvart vatnsvernd er ekki ásættanleg!

Samanburður við önnur lönd: Þýskaland, Holland, Danmörk og fleiri ríki hafa hafnað CCS-verkefnum vegna öryggis- og samfélagsáhættu.

Vatnsnotkun: **Áformin krefjast allt að 3.000 lítra ferskvats á sekúndu! Það er óverjandi fórn á hreinu vatni fyrir slíka óvissu og græðgispeningapúnga!**

Þjóðarhagsmál: Niðurdæling erlends loftslagsúrgangs snertir orðspor og hagsmuni Íslands sem umhverfisvæns lands. Ísland er ekki urðunarstaður annarra ríkja. **Ég legg ríka áherslu á að þessi áform verði stöðvuð án tafar** og að áður fari fram víðtæk samfélagsleg umræða og umfjöllun á Alþingi. Ísland á að standa vörð um vatn sitt og náttúru og ekki bjóða sig fram sem urðunarstað Evrópu.

Kær kveðja,
Kristín Lárusdóttir.

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Landsnet gerir ekki athugasemd við málið á þessu stigi.

Höfundur: Rut Kristinsdóttir

Sent inn þann: 26.08.2025 , **Fyrir hönd:** Landsnet

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Þetta er það vitlausasta sem ég hef heyrt. Ferlið er ótrúlegt. Af hverju dæla þeir þessum óþverra ekki í sínu eigin landi og minnka þar með kolefnissporið sem hlýst að fluttningaskipaferðum á milli landa. Ég trúi ekki og treysti því að þetta verði nokkurn tímann gert. Að flytja einhvern óþverra hingað og dæla í jörðu... Hverjum datt þetta í hug....

Höfundur: Sólveig María Guðjónsdóttir

Sent inn þann: 26.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Fyrirhugað er að byggja stöð til niðurdælingar koltvísýrings nærri byggð, með geymslu á milljónum tonna af CO2 í tönkum á hafnarsvæði (eða í grennd við bæinn) og flutningi þess um nokkurra kílómetra langa lögn að stöðinni. Óvissa ríkir um samsetningu hins aðflutta efnis, þar sem ekki er fullkannað hvaða aukaefni eða óhreinindi fylgja þessu innflutta CO2. Þessi óvissa vekur áhyggjur um hvort slík aukaefni gætu aukið á tæringu í lagnakerfum og þannig skapað hættu á leka sem gæti farið huldu höfði í fleiri daga ef ekki vikur.

Sérstaklega er áhyggjuefni að lögnin, sem á að setja upp á milli Þorlákshafnar og fyrirhugaðrar stöðvar, fari í gegnum aðrennslissvæði vatnsbóla og til umfangsmikils fiskeldis á svæðinu. Vatnið í Ölfusi er á heimsmælikvarða yfir gæða og hreinleika (t.d. er Icelandic Glacial vatnið sem er flutt út átappað í Ölfus, reyndar fyrir norðan þetta framkvæmdarsvæði en það sýnir hversu hreint vatnið okkar í Ölfus er), og hvers kyns mengun frá leka gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir lýðheilsu og atvinnustarfsemi. Þá er stöðin sjálf á jaðri vatnsverndarsvæðis, sem eitt og sér kallar á varfærni.

Það er ljóst að niðurdælingarstarfsemi getur aukið hættu á jarðskjálftavirkni. Reynsla frá Hellisheiðarvirkjun sýnir að aukin skjálftavirkni getur valdið óþægindum í byggð tugi kílómetra í burtu, eins og í Hveragerði en íbúar þar finna vel fyrir þessum skjálftum. Þar sem fyrirhugað svæði er ennþá nær Þorlákshöfn en Hellisheiðavirkjun er frá Hveragerði að þá má búast við miklum óþægindum fyrir íbúa.

Höfundur: Jóhannes Helgi Laxdal Jóhannesson

Sent inn þann: 26.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég er algjörlega á móti þessum áformum.
Ef þetta er svona hreinn og hættulaus “skítur”, hvers vegna er þá verið að flytja þetta til Íslands með miklum tilkostnaði? Liggur í augum uppi að hentugra er að dæla þessu sulli niður í þeim löndum þar sem það verður til og spara rándýran flutning með skipum, auk minnkunar á kolefnisspori.
Vil ekki sjá þetta hér á Íslandi.

Höfundur: Valdimar Aðalsteinsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

10 punktar um Carbfix sem íbúar í Ölfusi þurfa að vita

Höfundur: Jóhannes Laxdal Baldvinsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

15.1.Umsögn vegna Codastöðvar í Þorlákshöfn.odt

- 10 Ég undirritaður vil nýta rétt minn hér á þessum vettvangi til að koma á framfæri áhyggjum mínum af fyrirhugaðri byggingu Coda stöðvar í Þorlákshöfn á vegum fyrirtækisins Carbfix sem er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Þessar áhyggjur hef ég skráð í meðfylgjandi skjal undir vinnuheitinu:

10 punktar um Coda Terminal sem íbúar Þorlákshafnar mega ekki vita

1. Niðurdæling á innfluttu CO₂ flokkast ekki sem loftslagsaðgerð. Þvert á móti fylgir starfseminni töluverð aukning á kolefnisspori Íslands þar sem við tilheyrum ekki Evrópusambandinu.
- 10 2. Fyrirhuguð niðurdæling er „tilraunaverkefni“ þar sem það yrði það fyrsta í heiminum á þeim stærðarskala sem fyrirhugaður er. Tilgangurinn er sá eini að komast með krumluna í sjóði ESB. Peninga, sem þeir eru tilbúnir til að greiða þeim, sem gerir ESB kleift, að halda áfram að starfrækja mengandi stóriðju, aðallega í Þýskalandi (stál og sement), þrátt fyrir loforð og skuldbindingar um annað.
- 10 3. Öll fjárhagsleg áhætta af verkefninu hvílir á endanum á skattgreiðendum í Reykjavík og þeim sem eiga Orkuveitu Reykjavíkur.
- 10 4. Dótturfyrirtækið Carbfix er ekki rekstrarhæft samkvæmt lögum þar sem eiginfjástaðan er neikvæð um milljarða og eykst enn með lánsloforðum frá stjórn OR. Þessi áhætturekstur byggir á því að eitthvað sveitarfélag verði svo vitlaust að leyfa þeim að reisa Codastöð á landi sínu auk ótakmarkaðs aðgengis að innviðum eins og vatni og hafnaraðstöðu. Þetta þurfa þeir að fá án mikils kostnaðar enda skuldum vafðir.
- 10 5. Fyrst var leitað til Hafnarfjarðar en þeir sögðu nei eftir áralangar þreifingar. Aðallega vegna þrýstings frá íbúunum sem sáu í gegnum yfirlýsingagleði Carbfix manna, um hvað verkefnið væri áhættulaust og gæti leyst loftslagsvandann bara ef Hafnfirðingar myndu leyfa þeim að sanna tilgátur sínar um að þeirra tækni væri svar við loftslagshlýnuninni. Þegar þeim viðræðum var siglt í strand var þeirra örþrifarád að leita hófanna hjá sveitastjórn Ölfuss enda talið sig eiga inni greiða fyrir miklar framkvæmdir í sveitarfélaginu undanfarna áratugi. Og auðvitað reyndust meirihluti sveitarstjórnar tilkippilegir og því er þetta verkefni komið í fangið á íbúunum sem fá nú tækifæri til að segja hug sinn til þessa verkefnis. Og þetta er í annað sinn á kjörtímabili þessa meirihluta sem íbúar þurfa að taka ráðin í sínar hendur og krefjast íbúakosningar.
- 10 6. Og þá er komið að vatnsmálunum en þessi fyrirhugaða niðurdæling á menguðu CO₂ krefst milljóna tonna af fersku vatni. En samt er hér ekkert skilgreint vatnsverndarsvæði! Enda lítil þekking á vatnshlotinu sem sér íbúum og fyrirtækjum hér fyrir neyzluvatni. Orkuveitunni er annt um vatnsverndarsvæði Reykvíkinga enda kom aldrei til greina að reisa codastöð í Reykjavík. Um Ölfus gilda engar varúðarreglur.
- 10 7. Íbúum Þorlákshafnar og nágrennis hefur verið sagt í kynningum á verkefninu að það sé enginn áhætta tekin varðandi grunnvatnið né sé nein hætta á aukinni jarðskjálftavirkni en í greinargerð Covi er tekið allt öðru vísi til orða. Þar er sagt að talið sé að líkurnar séu litlar en gera þurfi rannsóknir og vöktun lofað! Því miður kemur vöktun ekki í veg fyrir umhverfisslys. Þrátt fyrir 12 ára rannsóknir og niðurdælingu á Hellisheiði veit enginn hjá Carbfix hvað mögulega gerist hér í bæ ef 3 milljónum tonna af CO₂ verður dælt í jarðlögin undir vatnstankinum okkar. Þeir dældu bara 80 þúsund tonnum á þessum 12 árum. Til samanburðar losaði hvert eldgos við Grindavík 10 þúsund tonn hvern dag sem þau stóðu yfir. Og Mýrdalsjökull er talinn losa 24 þúsund tonn upp úr glufum á jarðskorpunni daglega þótt

ekkert eldgos sé í gangi.

10

- 10 8. Carbfíx hefur fullyrt að vatnið sem þarf við niðurdælingu þessara 3 milljón tonna árlega verði bara tekið að láni! (Þeirra eigin orð) Almennur skilningur á hvað það þýði, að eitthvað sé fengið að láni, er að sambærilegu sé þá skilað í sama ástandi og þegar það var fengið að láni. En við lestur á tæknilýsingum kemur í ljós að vatnið hvarfist við efnabreytingu CO₂ í berg og við það verði það eðlisþyngra og leki lengra niður í holótt basaltið og komi ekki meir við sögu sem vatnsforði framtíðarinnar! Sé það rétt þá verður að koma til gjald fyrir vatnið. Mun arðsem verkefnisins þola þann kostnaðarauka?

10

- 10 9. Fyrirhugað er að flytja þetta mengaða CO₂ í sérhönnuðum skipum sem verða smíðuð sérstaklega fyrir þetta verkefni. Hvergi er getið um hversu mörg þessi skip verða eða hversu stór. Þær upplýsingar eru ekki fyrir okkur. Og ekki megum við heldur vita hvað tankarnir verða stórir eða hvar við höfnina áætlað er að koma þeim fyrir. Og enn síður hefur nokkur minnst á hvað verði um hinn mengaða vökva sem hísti koldíoxíð á leiðinni yfir hafíð. Fer hann með tankskipinu til baka eða verður honum dælt beint í sjóinn hérna?

10

- 10 10. Að síðustu þurfa ráðamenn í sveitarfélaginu Ölfusi, að upplýsa hvort rætt hafi verið um rekstrarhæfi Carbfíx og hvort farið verði fram á að þeir setji rekstrartryggingu fyrir framkvæmdum á uppbyggingartímanum. Það er mjög mikilvægt. Eins þarf að vera fyrirvari um samþykki sveitarfélagsins á nýjum eiganda Carbfíx, fari það félag í þrot. Enda kemur ekki til greina að erlendur auðhringur taki við öllum réttindum og skyldum hugsanlegs samnings um þetta verkefni, fari eignarhaldið úr hendi Orkuveitunnar.

Niðurstaða mín.

Mín skoðun er að þetta verkefni eigi á þessum tímapunkti að fara í íbúakosningu. Það er af þeirri stærðargráðu og snertir framtíðaruppbyggingu á svæðinu með þeim hætti að ekki er hægt að fela ákvörðunina í hendur 5 manna meirihluta sem fara með alræðisvald á þessu kjörtímabili. Vald sem hefur verið misnotað svo hrapallega að nú þegar hafa íbúar þurft að taka valdið í sínar hendur og stöðva svipað groddalegt verkefni sem til stóð að leyfa vegna beinna tengsla bæjarstjóra og meirihluta við hagsmunaaðila í bænum. Codastöðin mun fá til yfirráða það stórt helgunarsvæði til framkvæmda að það mun skaða framtíðarvöxt bæjarins. Enda er þéttingin þegar hafin með nýjustu breytingum á aðalskipulagi. Með byggingu Codastöðvar þarf að gera enn eina breytinguna á aðalskipulaginu og minnka umtalsvert það svæði sem átti að nýta undir skógrækt og útiveru. Það yrðu ömurleg skipti.

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég undirritaður vil nýta rétt minn hér á þessum vettvangi til að koma á framfæri áhyggjum mínum af fyrirhugaðri byggingu Coda stöðvar í Þorlákshöfn á vegum fyrirtækisins Carbfix sem er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Þessar áhyggjur hef ég skráð í meðfylgjandi skjal undir vinnuheitinu:

10 punktar um Coda Terminal sem íbúar Þorlákshafnar mega ekki vita

1.
Niðurdæling á innfluttu CO2 flokkast ekki sem loftslagsaðgerð. Þvert á móti fylgir starfseminni töluverð aukning á kolefnisspori Íslands þar sem við tilheyrum ekki Evrópusambandinu.
2.
Fyrirhuguð niðurdæling er „tilraunaverkefni“ þar sem það yrði það fyrsta í heiminum á þeim stærðarskala sem fyrirhugaður er. Tilgangurinn er sá eini að komast með krumluna í sjóði ESB. Peninga, sem þeir eru tilbúnir til að greiða þeim, sem gerir ESB kleift, að halda áfram að starfrækja mengandi stóriðju, aðallega í Þýskalandi (stál og sement), þrátt fyrir loforð og skuldbindingar um annað.
3.
Öll fjárhagsleg áhætta af verkefninu hvílir á endanum á skattgreiðendum í Reykjavík og þeim sem eiga Orkuveitu Reykjavíkur.
4.
Dótturfyrirtækið Carbfix er ekki rekstrarhæft samkvæmt lögum þar sem eiginfjástaðan er neikvæð um milljarða og eykst enn með lánsloforðum frá stjórn OR. Þessi áhætturekstur byggir á því að eitthvað sveitarfélag verði svo vitlaust að leyfa þeim að reisa Codastöð á landi sínu auk ótakmarkaðs aðgengis að innviðum eins og vatni og hafnaraðstöðu. Þetta þurfa þeir að fá án mikils kostnaðar enda skuldum vafðir.
5.
Fyrst var leitað til Hafnarfjarðar en þeir sögðu nei eftir áralangar þreifingar. Aðallega vegna þrýstings frá íbúunum sem sáu í gegnum yfirlýsingagleði Carbfix manna, um hvað verkefnið væri áhættulaust og gæti leyst loftslagsvandann bara ef Hafnfirðingar myndu leyfa þeim að sanna tilgátur sínar um að þeirra tækni væri svar við loftslagshlýnuninni. Þegar þeim viðræðum var siglt í strand var þeirra örþrifaráð að leita hófanna hjá sveitastjórn Ölfuss enda talið sig eiga inni greiða fyrir miklar framkvæmdir í sveitarfélaginu undanfarna áratugi. Og auðvitað reyndust meirihluti sveitarstjórnar

tilkippilegir og því er þetta verkefni komið í fangið á íbúunum sem fá nú tækifæri til að segja hug sinn til þessa verkefnis. Og þetta er í annað sinn á kjörtímabili þessa meirihluta sem íbúar þurfa að taka ráðin í sínar hendur og krefjast íbúakosningar.

6.
Og þá er komið að vatnsmálunum en þessi fyrirhugaða niðurdæling á menguðu CO2 krefst milljóna tonna af fersku vatni. En samt er hér ekkert skilgreint vatnsverndarsvæði! Enda lítil þekking á vatnshlotinu sem sér íbúum og fyrirtækjum hér fyrir neyzluvatni. Orkuveitunni er annað um vatnsverndarsvæði Reykvíkinga enda kom aldrei til greina að reisa codastöð í Reykjavík. Um Ölfus gilda engar varúðarreglur.

7.
Íbúum Þorlákshafnar og nágrennis hefur verið sagt í kynningum á verkefninu að það sé enginn áhætta tekin varðandi grunnvatnið né sé nein hættu á aukinni jarðskjálftavirkni en í greinargerð Covi er tekið allt öðru vísi til orða. Þar er sagt að talið sé að líkurnar séu litlar en gera þurfi rannsóknir og vöktun lofað! Því miður kemur vöktun ekki í veg fyrir umhverfisslys. Þrátt fyrir 12 ára rannsóknir og niðurdælingu á Hellisheiði veit enginn hjá Carbfix hvað mögulega gerist hér í bæ ef 3 milljónum tonna af CO2 verður dælt í jarðlögin undir vatnstankinum okkar. Þeir dældu bara 80 þúsund tonnum á þessum 12 árum. Til samanburðar losaði hvert eldgos við Grindavík 10 þúsund tonn hvern dag sem þau stóðu yfir. Og Mýrdalsjökull er talinn losa 24 þúsund tonn upp úr glufum á jarðskorpunni daglega þótt ekkert eldgos sé í gangi.

8.
Carbfix hefur fullyrt að vatnið sem þarf við niðurdælingu þessara 3 milljón tonna árlega verði bara tekið að láni! (Þeirra eigin orð) Almennur skilningur á hvað það þýði, að eitthvað sé fengið að láni, er að sambærilegu sé þá skilað í sama ástandi og þegar það var fengið að láni. En við lestur á tæknilýsingum kemur í ljós að vatnið hvarfist við efnabreytingu CO2 í berg og við það verði það eðlisþyngra og leki lengra niður í holótt basaltið og komi ekki meir við sögu sem vatnsforði framtíðarinnar! Sé það rétt þá verður að koma til gjald fyrir vatnið. Mun arðsem verkefnisins þola þann kostnaðarauka?

9.
Fyrirhugað er að flytja þetta mengaða CO2 í sérhönnuðum skipum sem verða smíðuð sérstaklega fyrir þetta verkefni. Hvergi er getið um hversu mörg þessi skip verða eða hversu stór. Þær upplýsingar eru ekki fyrir okkur. Og ekki megum við heldur vita hvað tankarnir verða stórir eða hvar við höfnina áætlað er að koma þeim fyrir. Og enn síður hefur nokkur minnst á hvað verði um hinn mengaða vökva sem hísti koldíoxíði á leiðinni yfir hafið. Fer hann með tankskipinu til baka eða verður honum dælt beint í sjóinn hérna?

10.
Að síðustu þurfa ráðamenn í sveitarfélaginu Ölfusi, að upplýsa hvort rétt hafi verið um rekstrarhæfi Carbfix og hvort farið verði fram á að þeir setji rekstrartryggingu fyrir framkvæmdum á uppbyggingartímanum. Það er mjög mikilvægt.

Eins þarf að vera fyrirvari um samþykki sveitarfélagsins á nýjum eiganda Carbfix , fari það félag í þrot. Enda kemur ekki til greina að erlendur auðhringur taki við öllum réttindum og skyldum hugsanlegs samnings um þetta verkefni, fari eignarhaldið úr hendi Orkuveitunnar.

Niðurstaða mín.

Mín skoðun er að þetta verkefni eigi á þessum tímapunkti að fara í íbúakosningu. Það er af þeirri stærðargráðu og snertir framtíðaruppbyggingu á svæðinu með þeim hætti að ekki er hægt að fela ákvörðunina í hendur 5 manna meirihluta sem fara með alræðisvald á þessu kjörtímabili. Vald sem hefur verið misnotað svo hrapallega að nú þegar hafa íbúar þurft að taka valdið í sínar hendur og stöðva svipað groddalegt verkefni sem til stóð að leyfa vegna beinna tengsla bæjarstjóra og meirihluta við hagsmunaaðila í bænum. Codastöðin mun fá til yfirráða það stórt helgunarsvæði til framkvæmda að það mun skaða framtíðarvöxt bæjarins. Enda er þéttingin þegar hafin með nýjustu breytingum á aðalskipulagi. Með byggingu Codastöðvar þarf að gera enn eina breytinguna á aðalskipulaginu og minnka umtalsvert það svæði sem átti að nýta undir skógrækt og útiveru. Það yrðu ömurleg skipti.

Höfundur: Jóhannes Laxdal Baldvinsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Fyrir hönd Icelandic Glacial skila ég álit um áhyggjum af fyrirhuguðu verkefni.

Höfundur: Jón Ragnar Gunnarsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

17.1.Assesment Plan - Olfus.pdf



Subject: Comment on the assessment plan for the Coda station in Ölfus

IWH expresses concerns regarding the proposed project.

Firstly, the company believes there is a risk that importing and injecting CO₂ from European industrial production on such a large scale could threaten the region's image as a home for green and environmentally friendly food production—a policy that has long been promoted and has formed the basis for companies choosing to establish operations here. It is clear that the likelihood of any environmental damage or pollution does not need to be high in percentage terms to have a negative impact on the region's image and the products originating from it.

Secondly, it is not sufficiently certain or explained that the project would not have negative effects on the interests and operations of other companies already in the area, for example due to high water usage or pollutants contained in the CO₂ emissions, which are reported to originate, among other sources, from the oil and chemical industries.

The company assumes that the environmental assessment report will provide a clearer explanation of the actual risks posed by this project with regard to the factors mentioned above and others. This would then form a basis for taking a more detailed position on the project.

Nonetheless, the company considers it appropriate to express these concerns at this point and reserves the right to provide a more detailed or revised position when further information becomes available.

Respectfully,

On behalf of IWH

Reza Mirza
Group Chief CEO

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Með fylgir umsögn frá Geo Salmo hf. vegna matsáætlunar hugsanlegrar CODA stöðvar í Ölfusi.

Höfundur: Jens Þórðarson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

18.1.2025-08-27 Umso'gn GeoSalmo við CODA sto'd i' O'lfusi.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2025

Efni: Umsögn um matsáætlun CODA stöðvar í Ölfusi

Vísað er til máls Skipulagsstofnunar nr. 1048/2025 um CODA stöð í Ölfusi. GeoSalmo tekur almennt vel í atvinnuuppbyggingu á Þorlákshafnarsvæðinu. GeoSalmo telur það mikilvægt að ný starfsemi skerði ekki þá sem fyrir er, enda um mikil verðmæti að ræða sem sköpuð eru á svæðinu og vaxtartækifæri ærin. Minnsti vafi um áhrif á fiskeldi á svæðinu getur haft veruleg áhrif á fjármögnun og rekstur slíkra fyrirtækja. Viljum við því leggja áherslu á að allar nauðsynlegar rannsóknir séu gerðar, eða sterk vísindaleg rök liggi fyrir því að áhrifin séu ekki til staðar.

Meðal mögulegra áhrifa sem GeoSalmo telur nauðsynlegt að rannsaka:

1. Gerð geymslugeymis (kafla 7.1)

Með vísun í kafla 7.1 í matsáætlun telur GeoSalmo almennt að fyrirhugaðar rannsóknir nái vel utan um þá þætti sem liggja þurfi fyrir. Þó teljum við efni til að kalla eftir lykilupplýsingum um hættu á flæði niðurdælingarvökva upp á við svo að áhrifa gæti ekki á ferskt grunnvatn eða jarðsjó sem dælt er upp í tengslum við fiskeldi og aðra vatnsnotkun á svæðinu. Skoða þarf vel lekt geymisins og hve heftandi efri jarðlög eru í því samhengi. Fiskeldi er einkar viðkvæmt fyrir breytingum á efnainnihaldi vatns.

2. Vatnafar (kafla 7.3)

Með vísun í kafla 7.3 í matsáætlun er athygli vakin á fyrri umhverfismatsskýrslum fiskeldisfyrirtækja og þeirri aðferðafræði sem ríkjandi hefur orðið við mat á áhrifum á vatnafar. GeoSalmo telur að lágmarka þurfi áhrif starfsemi Carbfix á aðra vatnsfreka starfsemi á svæðinu, sér í lagi þar sem svo virðist sem Carbfix sé minna háð nákvæmum eiginleikum þess vatns sem nýtt er. Ef raunin verður að öll niðurdæling félagsins eiga sér stað með ferskvatni er um inngrip í ferskvatnsbúskap svæðisins er að ræða. GeoSalmo telur að allt kapp ætti að vera lagt á að hægt sé að nýta saltvatn til niðurdælingar. Beinum við því til Carbfix að í stað nýtingar jarðsjávar að nýta sjó úr hafinu fyrir utan. Að því sögðu er einnig bent á að slíkt verklag getur einfaldað verulega allar leyfisveitingar Carbfix. Er Carbfix hvatt til að ganga í sameiginlegt félag vatnsnotenda á svæðinu, Hydros Ölfus ehf.

3. Jarðskjálftavirkni (kafla 7.6)

Áætlanir Carbfix sbr. kafla 7.6 í matsáætlun inniheldur góðar áætlanir og fyrirkomulag sem GeoSalmo er sátt við.

4. Heilbrigði og öryggi (kafla 7.10)

Ef horft er í kafla 7.10 teljum við að greina þurfi mengunarhættu við bæði uppskipun og flutning CO₂ nálægt lóðum fiskeldisfyrirtækjanna.

5. Annað


GeoSalmo telur að mælingar og viðvörunarkerfi þurfi að vera til staðar svo að hægt sé að grípa til rekstrarstöðvunar eða takmarkana hegði einhver ofangreindra þátta öðruvísi á neikvæðan hátt en niðurstöður umhverfismats gerðu ráð fyrir.

Sum verkefni þar sem fyrirtæki dæla niður CO₂ dæla einnig niður H₂S. Ekki verður séð í matsáætlun að til standi að dæla niður H₂S en vert væri að staðfesta það þar sem slík niðurdæling kallar á umfangsmiklar varúðarráðstafanir. Mjög lítið magn af H₂S er hættulegt fyrir lax og gæti slíkt því haft alvarlegar afleiðingar fyrir fiskeldisfyrirtækin.

GeoSalmo telur brýnt að allar mælingar og eftirlit verði með umfangsmiklu sniði. Lagt er til með stöðugum mælingum lykilþátta, vikulegum rannsóknum og reglulegri eftirfylgni með hegðum niðurdælingarvökva neðanjarðar. Hér því um að ræða ítarlega vöktunaráætlun á geyminum og skýra áætlun um rekstrarstöðvun fari mælingar úr fyrir viðmið og eðlileg mörk.

GeoSalmo telur að að forsendum um öryggi fiskeldis í nágrenni rekstrar Carbfix uppfylltum geti verið um jákvæð áhrif að ræða og möguleg samlegðaráhrif til staðar í nýtingu auðlinda. GeoSalmo telur eining uppbyggingu hafnar í Keflavík í tengslum við framkvæmdina vera jákvæða og myndi félagið nýta höfnina í eigin rekstri.

f. h. GeoSalmo
Jens Þórðarson framkvæmdastjóri



Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég mótmæli áformaðri framkvæmd verkefnisins Coda stöðin í heild sinni!

Ritsmíð þessi er viljandi höfð ítarleg og löng (vinsaml. sjá hjálagt fylgiskjal) en það er gert í þeirri von að hún sé fræðandi um um það sem raunverulega er að gerast í þessum málum og að hún geti virkað sem heimild, sem aðrir geti nýtt sér til að skila inn athugasemdum í sambærilegum málum, sem örugglega verða fleiri í framtíðinni. Það er eina lýðræðislega vopn almennings til að hafa bein áhrif á gang mála f.u. íbúakosningar.

Hafnfirðingar höfðu vit á því að hafna Coda Terminal verkefninu þar sem dæla átti 3. milljónum af iðnaðarmengun frá ESB nánast í bakgarðinn hjá þeim. Nú eru íbúar Ölfuss næstir og svo kemur Húsavík og Helguvík. Milljarðarnir freista. Áfram frjálst Ísland!

Höfundur: Júlíus Valsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

19.1.Julius Valsson - Athugasemdir við Coda stöðina í Þorlákshöfn.pdf

Júlíus Valsson:

Coda stöðin í Þorlákshöfn

Efni: Varðar áform dótturfyrirtækis Orkuveitur Reykjavíkur, Carbfir hf. (kt. 5310220840) og birtist m.a. í nýlegri kynningu matsáætlun: Mál nr.1048/2025. Áformuð niðurdæling blöndu CO2 og tilfallandi efnasambanda í verkefni sem nefnist „Coda stöðin“.

Ég mótmæli áformaðri framkvæmd verkefnisins Coda stöðin í heild sinni.

Efnisyfirlit

Coda stöðin í Þorlákshöfn.....	1
Rökstuðningur:	3
Hnattræn hlýnun og CO ₂	3
ESB, Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur, Carbfix og „loftslagsvandinn“	4
Coda stöðin í Þorlákshöfn.....	5
Gagnrýni á aðferð Carbfix	6
b) Hraði efnahvarfa CO ₂	7
c) Rannsóknir Carbfix á afdrifum CO ₂ eftir niðurdælingu og eigin árangri.	7
d) Vafasöm efni sem notuð eru við borholugerð	7
e) Starfsemi Carbfix hefur engin áhrif á „loftslagið“ eða „hamfarahlýnun“	8
f) Siðferðileg og pólitísk álitaefni	8
g) Hætta á aukinni tíðni jarðskjálfta	8
h) Kolefnissporið	8
i) Coda stöðin er tilraunaverkefni	8
j) Fjármögnun.....	9
k) Áhrif á vatnshlot	9
Sorpstöð á Nessandi hafnað í mars 2015:.....	12
Bæjarstjórn Ölfuss hafnaði Nessandi og Kirkjuferjuhálegu sem urðunarstöðum	13
Athafnasvæði Carbfix og vatnstökufyrirtækja í sveitarfélaginu Ölfuss:	14
Samantekt og spurningar við einstök atriði:	15
1. Lagalegur og hugmyndafræðilegur grunnur	15
2. Stofnanaleg og fjárhagsleg tengsl.....	15
3. Tæknin sjálf	15
4. Coda stöðin í Þorlákshöfn.....	16
5. Áhyggjur og gagnrýni á aðferðina	17
Lokaorð:	20
Heimildir:.....	21

Rökstuðningur:

„Við getum aldrei breytt náttúrunni“

Leonardo da Vinci

Hnattræn hlýnun og CO₂

Tilgangur og markmið Coda stöðvar í Ölfusi er að „*hafa raunveruleg jákvæð áhrif á umhverfi og sporna gegn hamfarahlýnun á heimsvísu*“.

Starfsemi Carbfix er bein afleiðing af Parísarsamkomulaginu (2015), EES-reglum um losun og íslenskum loftslagslögum (2019). Ef þessi alþjóðlegi og innlendi lagarammi væri ekki til staðar (þ.e. ef engin trú væri á tengslum CO₂ og „loftslagsvandans“), væri hvorki fjárhagsleg né lagaleg nauðsyn til þess að viðhalda verkefninu. Í besta falli væri það áhugavert efnafræðileg tilraun á litlum skala, en ekki iðnaður sem veltir milljörðum. Tæknin sem Carbfix hefur þróað telja þó margir vera merkilega út frá vísindalegu sjónarmiði og sem getur haft verulegt gildi við meðhöndlun annarra lofttegunda, svo sem brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum.

Carbfix tæknin gengur út á að herma eftir og hraða þeim náttúrulegum ferlum sem binda kolefni í bergi með útfellingu á kolefnisríkum steindum í berggrunninum með því að dæla niður í bergið hlutfallslega mun meira magni af CO₂ en sem gengur og gerist í náttúrunni. Að öðru leyti er ekkert nýtt eða frumlegt við þessa tækni. Án loftslagsröksemdarinnar yrði hún aðeins sérhæft tól til meðhöndlunar á iðnaðarúrgangi, fremur en stórtæk lausn á hnattrænum vanda. Starfsemi Carbfix er því hvorki raunhæf né sjálfbær án þeirrar hugmyndafræði að CO₂ í andrúmsloftinu valdi hnattrænni hlýnun. Öll fjármögnun, réttlæting og eftirspurn byggist á þessari einu forsendu; ef hún hyrfi, myndi verkefnið eins og áður sagði, líklega gufa upp eða dragast saman í litla og mjög takmarkaða vísindastarfsemi án teljandi möguleika á markaðssetningu.

ESB, Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur, Carbfix og „loftslagsvandinn“.

Carbfix er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sem aftur er í eigu Reykjavíkurborgar. OR á og rekur Hellisheiðarvirkjun, þar sem fyrsta Carbfix-verkefnið hófst. (H.Í. á reyndar einnig lítinn eignarhluta). Fyrirtækið starfar samkvæmt bæði innlendum og EES-reglum um losun. Carbfix er því notað sem dæmi um „hreina“ jarðvarmaframleiðslu en Ísland selur bæði orku og grænt ímyndargildi (t.d. fyrir gagnaver og stóriðju svo sem álframleiðslu). Þessi fagurgræna ímynd Íslands stæði höllum fæti ef ekki væri hægt að sýna fram á kolefnibindingu vegna losunar, til dæmis losunar CO₂ frá jarðvarmavirkjunum. Carbfix er því ekki aðeins tækni, heldur einnig pólitískt áróðurs- og markaðstæki. Ef ekki væri fyrir alþjóðlegan þrýsting um minnkun losunar, væri enginn raunverulegur markaður fyrir „CO₂-förgunarþjónustu“.

Reykjavíkurborg stefnir að kolefnishlutleysi árið 2040 og að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 40% fyrir 2030. Orkuveita Reykjavíkur stefnir að kolefnishlutleysi árið 2030 og leggur sérstaka áherslu á græna orku, kolefnishlutleysi í eigin starfsemi, nýsköpun og verkefni eins og Carbfix sem hluta af lausnum við „loftslagsvandann“. Án kolefnisbindingar yrðu íslensk fyrirtæki sektuð eða þau þyrftu að kaupa losunarheimildir á Evrópumarkaði, nema þeim tækist að draga úr losun. Að þessu leyti nýtist því Carbfix vel innanlands til lækkunar kolefnisskatta til ESB fyrir íslensk iðnaðarfyrirtæki.

Skv. reglugerð um geymslu koldíoxíðs í jörðu nr. 1430/2022, annast Eftirlitsstofnun EFTA yfirtirlit með geymslu CO₂ í jarðlög á Íslandi og ber Umhverfisstofnun að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA lokaákvörðun um útgáfu starfsleyfis og færa rök fyrir frávikum frá áliti eftirlitsstofnunarinnar. Í júní 2024 tók gildi reglugerð ESB, Net Zero Industry Act (NZIA), sem miðar að því að bæta aðgengi að geymslu CO₂ og markaðsaðstöðu fyrir slíkar lausnir innan ESB. Hún setur m.a. það markmið að tryggja verði árlega lágmarksinnspýtingargetu (injection capacity) fyrir **50 milljón tonn af CO₂ inn í jarðlög** fyrir árið 2030. Þetta eru háleit markmið en spurningar vakna um raunveruleg áhrif þeirra á „loftslagið“ en skv. gögnum af Wikipedia.org og International Energy Agency, þá er heildarlosun CO₂ af mannavöldum talin vera um **37,4 milljarðar tonna á ári**.

Coda stöðin í Þorlákshöfn

Reykjavíkurborg / Orkuveita Reykjavíkur / Carbfix áætla að dæla á ári hverju þremur (til 4.8) milljónum tonnum af mengunarúrgangsefnum (aðallega CO₂), þ.e. efnaúrgangi frá járn-, stál-, ál- og sementsiðnaði í ESB í jarðlögin í Ölfusi, nálægt Þorlákshöfn næstu 30 árin. Gert er ráð fyrir að styrkur CO₂ í straumnum sem Carbfix tekur á móti sé um **99,8%** og að magn „tilfallandi úrgangsefni“ eða „snefilefna“ verði um **0.2%**. Þetta virðist vera lág tala en þessi úrgangsefni verða á fljótandi formi og geta innhaldið um **6.000 tonn** af blöndu með ýmiss konar óþekkt efni sem falla til við iðnaðarframleiðslu, sem sum hver geta verið mjög hættuleg, sum baneitruð jafnvel í litlum skömmtum svo sem blásýra, arsen, kvikasilfur, kadmíum, blý o.fl. (skv. reglugerð um geymslu CO₂ í jörðu: „*tilfallandi, tengd efni úr uppsprettunni, fönguninni eða niðurdælingarferlinu og snefilefni sem bætt er í hann til að auðvelda vöktun og sannprófun á flæði koldíoxíðs*“). Til að setja þetta mikla magn snefilefna í samhengi þá mundu þau fylla um **85 sneisafulla 40 feta gáma** á hverju ári og á hverjum niðurdælingarstað þ.e. í Þorlákshöfn, Húsavík og í Helguvík.

Listi yfir möguleg eiturefni í CO₂ straumi frá mengandi stóriðju í ESB

Ref. 10

Starfsemin Coda stöðvarinnar er afar orkukrefjandi (20-30 MW) og þarf milljarða tonna af grunnvatni (3000 L/s af köldu vatni, ferskvatni og jarðsjó) og heitu vatni (123 L/s af 80°C heitu vatni). Áhrif á lífríkið á landi og í sjónum svo á grunnvatnsstöðu og hreinleika grunnvatns eru algjörlega óljós en mengunarvökvinn getur verið að sullast um jarðlögin í mörg ár frá niðurdælingu. Á svæðinu eru þegar fjölmörg fyrirtæki sem nýta mikið magn af grunnvatni og mun þeim fara fjölgandi.

CO₂ straumurinn verður fluttur hingað til lands á fljótandi formi með sérhönnuðum eiturefnatankskipum, sem enn hafa ekki verið smíðuð og sem krefjast þess að innviðir verði til staðar á höfninni í Þorlákshöfn fyrir landtengingu skipanna. Reiknað er með a.m.k. **130 slíkum skipakomum á ári**.

Gagnrýni á aðferð Carbfix

a) Magn snefilefna og áhrif þeirra á umhverfið, grunnvatn o.fl.

Aðferð Carbfix byggir þá því að CO₂ breytist í veika sýru, kolsýru, við að blandast vatni. ($\text{H}_2\text{O} + \text{CO}_2 \rightleftharpoons \text{H}_2\text{CO}_3 \rightleftharpoons \text{H}^+ + \text{HCO}_3^- \rightleftharpoons 2\text{H}^+ + \text{CO}_3^{2-}$). Hugsunin er að þessi blanda breytist við lækkað sýrustig í karbónat (kalsíum-, magnesíum- eða járnkarbónat), sem er kalklík bergtegund sem fyllir upp í holur og glufur í berginu og þéttir það. Það efnahvarf er útvermið og þarfnast því ekki frekari hitun. Rannsóknir sýna, að hraði uppleysingar á basalti hækkar með lökkandi kísilinnihaldi. Við þetta minnkar vatnsflæði um bergið, sem veldur því að grunnvatnsborðið getur hækkað umtalsvert og það getur orðið mun erfiðara að ná í hreint drykkjarvatn. Því er reyndar haldið fram, að niðurdælingin nái niður fyrir grunnvatnið og að blandan sé eðlisþyngri en grunnvatnið, en á móti kemur að verkefnið þarf gífurlegt magn af hreinu bergvatni, eða um **25 tonn af vatni fyrir hvert tonn af CO₂ þ.e. 75 milljón tonn af fersku drykkjarvatni á ári! *Ref. 5***

Þau úrgangs- og eiturefni sem dælt er niður fyrir grunnvatnið berast út í hafið með tilheyrandi áhrifum á lífríkið, sem varla getur talist æskilegt. Berglögin á Íslandi, einkum á Reykjanesinu og á Suðurlandi eru mjög sprungin þvers og kruss, og veit enginn nákvæmlega hvernig þær sprungur liggja nema e.t.v. uppi á yfirborðinu.

Basaltið í berggrunni Íslands inniheldur talsvert af snefilefnum og þungmálmum, en það fer eftir sýrustigi og afoxunarspennu. Enginn veit nákvæmlega hvaða auka- og eiturefni geta fylgt uppleystu iðnaðarkoldíoxíð frá stál- og járnbræðslum og álverum í ESB sem fá að sullast um bergið í nokkur ár. Enginn veit heldur t.d. hvaða þungmálmar geta leynst í blöndunni og hvaða óæskileg efni geta leyst úr berginu á miklu dýpi við niðurdælingu.

Skv. þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um þá áætlað tilraunaverkefnið **Coda terminal** í Hafnarfirði sem er mjög sambærilegt við Coda stöðin munu berast til landsins með CO₂ straumnum frá þungaiðnaði í ESB um 0.2% af „óhreinindum“. *Ref. 6*

Ekki er enn fullljóst hver þessi óhreinindi eru en skv. upplýsingum Carbfix er um að ræða blöndu fjölmargra efnasambanda með eiturefnavirkni m.a. blásýru (HCN) en einnig benzene, toluene, xylene, amines Þessi efni eru eitruð öllum lífandi verum og geta afleiðingarnar verið krabbameinsvaldandi virkni, öndunareitrun, taugaeiturs virkni, fósturskaðaeitrunar virkni og einnig er um að ræða efnasambönd með langtíma eiturefnavirki m.a. gagnvart öllu sjávarlífi.

Hafnfirðingar höfnuðu Coda Terminal verkefninu og hætti Carbfix því við framkvæmdir í Hafnarfirði, a.m.k. í bili.

b) Hraði efnahvarfa CO₂

Skv. fullyrðingum Carbfix tekur það einungis um tvö ár fyrir CO₂ að umbreytast í steindir með þeirra aðferð en í náttúrunni getur slíkt ferli tekið hundruðir eða þúsundir ára.

Vísindamenn hafa gagnrýnt þessar fullyrðingu Carbfix og telja að efnahvörfin munu taka mun lengri tíma í náttúrunni en þann sem Carbfix hefur mælt á sinni tilraunastofu. *Ref. 1*

c) Rannsóknir Carbfix á afdrifum CO₂ eftir niðurdælingu og eigin árangri.

Gagnrýni á mælingar, skráningu og sannprófun (MRV) í CarbFix-verkefninu beinist oft að miklu flækjustigi jarðfræði- rannsókna/kerfa, langtímasjónarmiðum varðandi geymslu og möguleg umhverfisáhrif, frekar en innbyggðum villum í sjálfri aðferðinni. Jarðlögin eru síbreytileg og flókið umhverfi gerir það erfitt að fylgjast fullkomlega með öllum jarðfræðilegum ferlum og efnahvörfum til langs tíma einkum er rýnt er einungis niður um einstaka borholur. Þótt steinbinding CO₂ sé talin varanleg geymsluaðferð, krefst það áratuga- og jafnvel aldalangrar vöktunar að staðfesta þetta fyrir hundruð eða þúsundir ára.

Vísindamenn hafa einnig bent á að MRV fyrir steinrenningu in-situ (þ.e.; á staðnum) er mjög erfitt og flókið og þarfnist gagnsærra staðla og óháðrar vottunar til að staðfesta nettó-bindingu og varanleika. Almennt yfirlitsskjal DOE og alþjóðlegar samantektir draga þetta fram; Carbfix/Climeworks hafa birt eigin aðferðafræði en gagnrýnin kallar eftir viðtækari, óháðri staðfestingu. *Ref. 3*

Rannsóknir á basalti á niðurdælingarsvæðum Carbfix sýna að flæði efnasambanda getur tímabundið veikt bergið („creep“) áður en varanleg steindun styrkir það á lengri tíma. Þetta er mikilvægt atriði, sem þarf að fylgja eftir með vöktun og frekari rannsóknum. *Ref. 4*

Í tilraunum og tilkynningum úr Carbfix-verkefnum má sjá að sum snefilefni geta tímabundið farið yfir viðmiðanir varðandi grunnvatn við ákveðnar aðstæður, sem undirstrikar þörfina á stöðugri vöktun á gæðum neysluvatns. Mælingar á steinrenningu CO₂ með geislavirkum ísótópum í gegnum djúpar borholur, þ.e. mælingar á árangri niðurdælingar CO₂ eru að sjálfsögðu ónákvæmar þar sem efnin dreifast að sjálfsögðu um berglögin og einstakar punktmælingar gefa því ekki rétta mynd af styrk þeirra á stærra svæði.

d) Vafasöm efni sem notuð eru við borholugerð

Við djúpboranir á Íslandi (t.d. hjá Orkuveitu Reykjavíkur og tengdum verkefnum eins og

Carbfix) eru notuð ýmis hjálparefni og efnasambönd sem bæði hafa áhrif á borferlið og geta verið mengandi.

Helstu mengandi hjálparefnin við djúpboranir eru **polymerar, yfirborðsvirk efni, smurefni, tæringarvarnarefni og sýrur**. Bentonít og sement eru minna skaðleg en geta haft staðbundin áhrif. Hjá Carbfix hefur áherslan verið á að velja efni sem eru tiltölulega umhverfisvæn, en engu að síður eru þessi hjálparefni notuð til að tryggja öryggi og virkni borholunnar.

e) Starfsemi Carbfix hefur engin áhrif á „loftslagið“ eða „hamfarahlýnun“

CarbFix hefur hingað til aðeins bundið nokkur þúsund tonn af CO₂ árlega, sem er mjög lítið í samanburði við um 37,4 milljarða tonna árleg losun á heimsvísu. Þetta vekur spurningar um hversu mikið tæknin geti dregið úr hnattrænum heildarlosun.

f) Siðferðileg og pólitísk álitaefni

Umhverfisverndarsamtök eins og Greenpeace hafa haldið því fram að kolefnisbinding og förgun (CCS) geti verið **hvatning til að viðhalda brennslu jarðefnaeldsneytis, olíu eða kola**, frekar en að draga úr notkun þeirra. Olíufélögin hafa því tekið slíkri starfsemi fagnandi. „Við getum haldið áfram að brenna, við bindum bara CO₂ síðar“

g) Hætta á aukinni tíðni jarðskjálfta

Afar áhættusamt er að framkalla jarðskjálfta nálægt íbúabyggð á virku eldgosasvæði. Að mati jarðfræðinga getur niðurdæling CO₂ í borholur framkallað jarðskjálfta að stærðinni (induced seismicity) **2 – 3 á Richter kvarða**.

h) Kolefnissporið

Menn geta ímyndað sér hið gífurlega stóra kolefnisspor (kolefnisbindingar- og geymslukeðju – CCS), sem er afleiðing CO₂ föngunar í Evrópu, flutnings til Íslands, smíði CO₂-tankskipa, geymslu og niðurdælingarferlis með þeirri tilheyrandi orku- og vatnsnotkun sem það hefur í för með sér. Kolefniskvóti mengunarefnanna sem fargað er hér álandi bætist að sjálfsögðu við kolefniskvóta Íslands.

i) Coda stöðin er tilraunaverkefni

Carbfix hefur einungis náð að dæla nokkur þúsund tonnum af CO₂ niður í jarðlög á Íslandi og nánast eingöngu á jarðhitasvæðum. **Allar rannsóknar- og vísindaniðurstöður þeirra byggjast því á niðurdælingu á háhitasvæðum**. Að vísu voru gerðar tilraunir til

niðurdælingar á CO₂ á köldu svæði á Álfsnesi um sumarið 2021 í samvinnu við Sorpu. Hins vegar eru ekki tiltækar neinar upplýsingar í fyrirliggjandi gögnum um hversu lengi þessi tilraunastarfsemi stóð yfir eða hvenær henni var hætt en fram kemur að jarðlögin geti tekið við meira magni. Engar upplýsingar fundust um ástæður fyrir mögulegri stöðvun verkefnisins. Carbfix hefur þróað og unnið að tilraunaverkefninu **Sæberg**, þar sem um 1.000 tonnum af CO₂ frá Sviss er dælt ofan í berggrunn við Helguvík eftir að það hefur verið leyst í sjó en ekki eru tiltækar heimildir eða frekari upplýsingar um magn eða hraða steindabindingar í Helguvík.

Tilraunaverkefnið Coda stöðin í Þorlákshöfn yrði því fyrsta tilraun Carbfix og í raun fyrsta slík tilraun í heiminum til niðurdælingar á milljónum tonna á CO₂ utan háhitasvæða.

j) Fjármögnun

Öfugt við fullyrðingar Carbfix um utanaðkomandi fjárfesta þá var starfsemi fyrirtækisins á árunum 2008 til 2019 eingöngu fjármögnuð af eigandanum þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur. Carbfix hefur þó einnig hlotið styrki frá ESB (CarbFix, CarbFix2, and GECO). **Ref. 2**

Undanfarin þrjú ár hefur verið unnið að því að sækja nýtt hlutafé í Carbfix en þau áform hafa enn sem komið er ekki gengið eftir. Í desember 2024 samþykkti stjórn OR að hækka lánalínu Carbfix í 12 milljarða króna af skattfé Reykvíkinga til ársloka 2026. ESB hét 17 milljarða styrk til Coda Terminal verkefnisins í Hafnarfirði sem íbúar bæjarins höfðu vit á að hafna. Ekki er ljóst hvort þessu ríflegi „styrkur“ tengist Hafnarfirði sérstaklega. Skv. grein Heiðars Guðjónssonar í Viðskiptablaðinu þ. 18. Ágúst 2025 er áhugi erlendra fjárfesta á Carbfix akkúrat enginn:

*„Fjárfestar hafa ítrekað hafnað verkefninu. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, sem á Carbfix, var sagt í árslok 2022 að það yrði gríðarleg eftirspurn fjárfesta eftir verkefninu og fjárfestingabankinn Morgan Stanley var ráðinn til að selja hlutabréf í fyrirtækinu í ársbyrjun 2023. Í stuttu máli sagt seldust engin hlutabréf og áhuginn var enginn, nema ef til kæmi bakabyrgð frá Orkuveitunni.“ **Ref. 7***

k) Áhrif á vatnshlot

Carbfix áformar að nýta umtalsvert magn af ferskvatni til niðurdælingar á CO₂ til rúmlega 30 ára úr grunnvatnshlotinu í Ölfusi. Vatninu verður síðan dælt aftur niður þegar búið er að blanda CO₂ í það í neðri hluta grunnvatnskerfisins á 300-1000 m dýpi. Samkvæmt

framlögðum gögnum Carbfix er ekki gert ráð fyrir að vatn blandað CO₂ leiti upp á við í jarðlögum. Skipulagsstofnun hefur áður bent á varðandi sambærilegt verkefni sem áætlað var í Hafnarfirði að í svo umfangsmikilli framkvæmd þurfi að viðhafa mikla varúð og að áður en ráðist er í niðurdælingu CO₂ uppleystu í jarðsjó sbr. Helguvík þurfi að sannreyna með rannsóknum og beinum mælingum að niðurdæling CO₂ með jarðsjó í því magni sem fyrirhugað er geti gengið, m.a. í ljósi þess að líkön gefa vísbendingar um viðtæk áhrif á seltu yfirborðsvatns og í efstu lögum grunnvatns.

Í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 segir m.a.:

"Landsskipulagsstefna er fyrsta samræmda stefnan um skipulagsmál á landsvísu. Með henni eru settar fram leiðbeiningar til sveitarfélaga um skipulagsgerð og áætlanir um landnotkun og byggðaðþróun. Í lögum um stjórn vatnamála kemur fram að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda t.d. vegna skipulagsmála skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun/breytingu skipulagsáætlunar skal samræma hana vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Allt vatn á Íslandi skal vera í mjög góðu eða góðu ástandi og þurfa skipulagsáætlanir að taka mið af því."

Í 4. kafla Vatnaáætlunar Íslands 2022-2027 koma fram eftirfarandi upplýsingar:

"Álag á vatn Þegar búið er að afmarka vatnshlotin þarf að greina álag á vatnsauðlindina en margs konar umsvif manna geta valdið álagi á yfirborðsvatn og grunnvatn. Vatnshlot geta verið undir álagi ef í þau eru losuð efni í því magni sem veldur mengun. Álag getur einnig skapast vegna vatnsformfræðilegra breytinga svo sem vegna breytinga á árfarvegum, stíflugerð, vegagerð, hafnargerð eða efnistöku. Jafnframt er vatnstaka umfram endurnýjun skilgreind sem álag. Álagi af völdum mengunar er skipt í tvennt, þ.e. punktlosun og dreifða losun. Punktlosun nefnist það þegar uppspretta losunar er afmörkuð t.d. frá útrásaropi fráveitu eða starfsleyfis skyldri starfsemi (iðnaði). Dreifð losun er hins vegar álag sem ekki er hægt að afmarka á ákveðnum stað og má þar nefna áburðarnotkun í landbúnaði, afrennsli af þéttum flötum, s.s. iðnaðarsvæðum og götum í þéttbýli."

Samkvæmt 18. gr. laga um nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir að Umhverfis- og

orkustofnun geti heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum skv. 11. gr. þegar um er að ræða:

a. breytingar, svo sem vegna mengunar eða í tengslum við loftslagsbreytingar, á vatnsgæðum, vistfræðilegum, vatnsformfræðilegum eða efna- og eðlisefnafræðilegum eiginleikum yfirborðsvatnshlots eða á hæð grunnvatnshlots, eða

b. ný sjálfbær umsvif eða breytingar sem hafa í för með sér að ástand yfirborðsvatnshlots breytist úr mjög góðu í gott.

Auk skilyrða sem fram koma í 1. mgr. verða öll eftirtalin skilyrði að vera fyrir hendi:

a. gripið sé til allra ráðstafana sem raunhæfar teljast til að draga úr skaðlegum áhrifum á ástand vatnshlots,

b. tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist,

c. tilgangi framkvæmdanna eða umsvifanna verður ekki með góðu móti náð með umhverfisvænni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar.

Í Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns kemur fram að...

að það er skylda sveitarstjórna að

„til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni.“

Ljóst er að fyrirbyggjandi upplýsingum að fyrirhugað athafnasvæði liggur mjög nálægt grannsvæði vatnsverndar sem tilheyrir II. Flokki:

II. flokkur. Grannsvæði.

„Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólínu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.“

Tveir drykkjarvöruframleiðendur hafa áhuga á að byggja átöppunarverksmiðjur í Þorlákshöfn, segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi í viðtali við Mbl þ. 26. ágúst 2025:

„Það er viðþekkt að Ölfus er meðal bestu svæða í Evrópu til framleiðslu á umhverfisvænum matvælum. Við höfum fundið sterkt fyrir áhuga drykkjarvöruframleiðenda á síðustu misserum og höfum tekið upp markvisst samtal við tvo þeirra. Annars vegar er um að ræða fyrirtækið Viking resources sem hyggur á framleiðslu á fjölbreyttri drykkjarvörulínu, allt frá vatni yfir í gosdrykki, íþróttadrykki og áfengi,“ segir Elliði. Fyrir-tækið horfi til útflutnings og því skipti aðgengi að höfninni miklu máli.“

Spurning vaknar hvort bæjarstjórinn sér fyrir að það fari saman uppðæling hreins hágæða drykkjarvatns á Hlíðarenda, í Þorlákshöfn og í Nesi annars vegnar og mengandi niðurdælingu eiturefna á Nessandi? Er það ekki hrein þversögn? Getur hann bæði samþykkt og hafnað?

Sorpstöð á Nessandi hafnað í mars 2015:

Minna má í þessu sambandi á **fundargerð fundar Bæjarstjórnar Ölfuss nr. 219** sem haldinn var í ráðhúsinu þ. 26. mars 2015 þar sem segir m.a.:

„11. 1503023 - Sorpstöð Suðurlands v/Nessandur.

Lagt fram bréf Sorpstöðvar Suðurlands dags. 16. mars. s.l. þar sem óskað er eftir því við sveitarfélagið að það gefi formlegt svar við því hvort "Nessandur" í Ölfusi komi til greina sem svæði til meðhöndlunar úrgangs eins og aðalskipulag sveitarfélagsins kveður á um í dag og landeigandi vill nota svæðið til.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

"Bæjarstjórn Ölfuss lýtur svo á að "Nessandur" úr landi jarðarinnar Ness í Selvogi komi ekki til greina sem urðunarstaður fyrir sorp.

Þá hvetur bæjarstjórn aðildarsveitarfélög Sorpstöðvar Suðurlands til þess að vinna að því sameiginlega að koma á samræmdu fyrirkomulagi við meðhöndlun úrgangs þar sem lögð verði áhersla á flokkun, nýtingu lífræns úrgangs til landbóta og lágmörkun úrgangs til urðunar."

Samþykkt samhljóða.“ **Ref. 9**

Bæjarstjórn Ölfuss hafnaði Nessandi og Kirkjuferjuhálegu sem urðunarstöðum

„Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss sem haldinn var 25. september sl. var tekið fyrir erindi frá stjórn SOS þar sem óskað var eftir því að Sveitarfélagið Ölfus taki formlega afstöðu til þess hvort sveitarfélagið vilji fara í þá vinnu með SOS að Nessandur verði notaður sem urðunarstaður sem hluti af samstarfi sorpsamlaganna fjögurra á Suðvesturhorninu.

Á íbúafundi sem haldinn var í ágúst 2018 var fundargestum vel ljóst að svo er ekki sem þýðir að listun Nessands sem vænlegasta kost urðunarstaðsetningar á ekki við lengur samkvæmt þeirri aðferðarfræði sem stuðst var við árið 2009.

Í ljósi ofangreinds sem og þeirra hagsmuna sem liggja í mögulegum atvinnutækifærum íbúa og fyrirtækja á svæði Nessands ekki síst ímyndarlega er alfarið mælt á móti því að urðun fari fram á Nessandi.“ *Ref. 10*

Spurning vaknar um hvað hafi breyst? Er það fagurgali Orkuveitu Reykjavíkur um háleit markmið í „loftslagsmálum“, mútufé frá ESB eða hugarfarbreyting veikgeðja og meðvirkra sveitarstjórnarmanna? Spyr sá sem ekki veit eða skilur.

Sveitarstjórnin og bæjarstjórinn verður að velja hvorn valkosturinn þeir velja því þeir fara illa saman.

FRÉTTIR

5. október, 2018


Bæjarstjórn Ölfuss hafnaði Nessandi og Kirkjuferjuhálegu sem urðunarstöðum



Séð yfir Þorlákshöfn. Mynd: Sveitarfélagið Ölfus.

Athafnasvæði Carbfix og vatnstökufyrirtækja í sveitarfélaginu Ölfuss:

Þegar uppdráttur af athafnasvæðum ofangreindra vatnstökufyrirtækja og athafnasvæði Carbfix / Coda stöðvarinnar eru skoðaðir sést að þessi athafnasvæði liggja mjög nálægt hvert öðru og einnig grannsvæðum vatnsverndar í Flokki II skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.



Athafnasvæði Carbfix er innan þríhyrningsins og nær inn á grannsvæði vatnsverndar.

Blár pinni → Carbfix Coda stöð (Nessand)

Grænn pinni → Icelandic Glacial (Hlíðarendi)

Rauður pinni → Iceland Water International (Þorlákshöfn)

Fjólublár pinni → Aqua Omnis (Nes)

Samantekt og spurningar við einstök atriði:

1. Lagalegur og hugmyndafræðilegur grunnur

- a) Carbfix starfar á grunni Parísarsamkomulagsins (2015), EES-reglna og íslenskra loftslagslaga (2019).
- b) Gagnrýnt er að tæknin hafi ekki sjálfstætt gildi nema með þeirri forsendu að CO₂ losun valdi hlýnun og að bindin CO₂ í bergi dragi úr þessari áhrif.

Spurning:

Er líklegt að Orkuveitu Reykjavíkur (OR) takist að ná meginmarkmiðum sínum þ.e. að „*hafa raunveruleg jákvæð áhrif á umhverfi og sporna gegn hamfarahlýnun á heimsvísu*“?

Hvernig er hægt að meta og sannreyna þessar fullyrðingar OR sem er meginkjarninn í starfsemi Carbfix í Ölfusi og er það meginhvati þess að sveitarstjórnin ákvað að hefja samstarf við Carbfix um verkefnið Coda stöðina?

2. Stofnanaleg og fjárhagsleg tengsl

- a) Carbfix er í meirihlutaeigu Orkuveitu Reykjavíkur, sem aftur er í eigu Reykjavíkurborgar.
- b) Verkefnið þjónar bæði markmiðum um kolefnishlutleysi og pólitíska ímyndarsköpun Íslands sem „grænt land“.
- c) Coda stöðin nýtist til að forðast sektir eða kaup á losunarheimildum innan EES.

Spurning:

Er líklegt að starfsemi OR / Carbfix uppfylli markmiðin um kolefnishlutleysi í ljósi þeirra kolefnisspora sem sjálft verkefnið Coda stöðin skilur eftir sig og sem auðveldar umhverfissóðum í ESB að halda áfram að auka magn CO₂ og annarra eiturefna í umhverfinu? Er líklegt að starfsemi Coda stöðvarinnar í Ölfusi líkleg til jákvæðrar pólitískrar ímyndarsköpunar fyrir sveitarfélagið og Ísland í heild?

3. Tæknin sjálf

- a) Tæknin felst í því að leysa CO₂ í vatni og dæla niður í basaltið, þar sem það bindst í steindir (karbónöt).

b) Þetta hermir eftir náttúrulegum ferlum, en með auknum hraða vegna mikils magns CO₂ í niðurdælingarblöndunni.

c) Mikil notkun á grunnvatni (75 milljón tonn/ári) vekur áhyggjur um áhrif á vatnsbúskap og vatnssóun.

Spurning:

Er líklegt að almenn sátt verði í sveitarfélaginu Ölfuss um að Carbfix fái að sóa 75 milljónum af hreinu drykkjarvatni úr uppsprettum sveitarfélagsins til niðurdælingar á mengunarvökva frá ESB? Hvernig ætla menna að sannfæra fólkið að með þessu megi leysa „loftslagsvandasn“ í heiminum?

4. Coda stöðin í Þorlákshöfn

a) Áformað er að taka við þremur til 3 milljónum tonna af CO₂ og úrgangsefnum frá þungaiðnaði í Evrópu á hverju ári næstu 30 árin.

b) CO₂ verður flutt með sérhönnuðum tankskipum (130 ferðir/ári) og inniheldur einnig mikið magna eiturefna (6.000 tonn á ári) sem geta haft ófyrirsjáanleg áhrif á umhverfi og grunnvatn.



Spurning:

Í Umhverfisáætlun Sveitafélagsins Ölfuss segir m.a.: „*Viðhalda skal vatns- og hafgæðum sveitarfélagsins og skal umgangast þau svæði af nærgætni og vernda gegn hvers konar mengun.*“

Einnig kemur fram eftirfarandi: „Á vatnsverndarsvæðum skal gæta ýtrustu varúðar og fara eftir vatnalögum nr. 36/2011 þar sem segir meðal annars að vernda eigi vatn og vistkerfi þess Hindra skuli frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.... Sparlega skal fara með orkuauðlindir og umgangast þær af nærgætni með sjálfbærni í huga.“ **Ref. 8**

Hvernig fer það saman að uppfylla ofangreind skilyrði umhverfisáætlunar Ölfuss og að dæla niður mengunarsulli frá ESB niður í jarðveginn og grunnvatnið?

5. Áhyggjur og gagnrýni á aðferðina

a) **Mengun snefilefna** – óvissa ríkir um hvaða efni blandast við CO₂ strauminn og hvert þau fara.

Spurning: Hvernig ætla framkvæmdaraðilar að uppfylla skilyrði 18. gr. laga um nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þar sem segir m.a.: *„tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna vega þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun en ávinningur af því að umhverfismarkmið náist..“*,

Er líklegt að verkefnið Coda stöðin í Ölfusi vegi þyngra vegna almannaheilla og/eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun?

b) **Raunhraði efnahvarfa** – gagnrýnt að binding taki miklu lengri tíma en fullyrt er.

Spurning:

Hvernig er hægt að sannreyna hraða þann sem Carbfix fullyrðir um steinrenningu CO₂

c) Ófullnægjandi vöktun (MRV) – erfitt að meta og staðfesta langtímaárangur og varanleika bindingar.

d) Mengandi efni í borun – efni notuð við boranir geta verið mengandi þrátt fyrir val á umhverfisvænni valkostum.

- e) Áhrif á loftslag – bindur afar lítið CO₂ í samhengi við hnattræna losun (37,4 milljarðar tonna).
- f) Siðferðileg álitaefni – CCS gæti réttlætt áframhaldandi losun; hvatning fyrir olíuiðnaðinn.
- g) Jarðskjálftahætta – möguleiki á örvun skjálfta (2–3 á Richter).
- h) Kolefnisspor verkefnisins sjálfs – flutningur, boranir og vatnsnotkun hafa sjálf umtalsverð áhrif.
- i) Tilraunaeðli verkefnisins – aðeins tilraunaniðurstöður liggja fyrir, enginn reynsluvettvangur utan háhitasvæða fyrir svo mikið magn af CO₂.
- j) Fjármögnun og rekstur að mestu fjármagnaður af OR, ekki sjálfbær að eigin frumkvæði.
- k) Óvissa um árangur og gæði – vantar óháða vottun og traustar mælingar.
- l) Gífurleg vatnsnotkun og áhrifin á grunnvatn – óvissa ríkir um áhrif á grunn- og yfirborðsvatn.
- m) Mjög orkukrefjandi starfsemi (20-30 MW).

Spurning:

Hvernig getur Sveitarfélagið Ölfus tryggt næga orku til starfsemi Coda stöðvarinnar? Eru fyrirhugaðir vindtúrbínubyrpingar á Mosfellsheiði við Dyrfjöll liður í þeirri áætlun?

- n) Það samrýmist ekki hreinni og grænni ímynd Íslands að flytja inn iðnaðarmengun, annars konar mengun eða eiturefni til Íslands frá öðrum löndum!

Spurning: Íslenska þjóðin hefur aldrei verið spurð að því hvort hún er samþykkt því að Orkuveita Reykjavíkur geri landið að ruslahaug fyrir iðnaðarmengun frá stóriðju í ESB og að kolefniskvóti erlendra þjóða verði fluttur með sérsníðnum eiturefnatankskipum til Íslands. Er líklegt að niðurdæling þessara mengunarefna komi til með að „*hafa raunveruleg jákvæð áhrif á umhverfi og sporna gegn hamfarahlýnun á heimsvísu*“. Eru þetta

raunveruleg og framkvæmanleg atriði þ.e. er það raunhæft að þessum markmiðum OR verði náð með starfsemi Coda stöðvarinnar í landi Ölfuss?

Lokaorð:

Höfundur er hvorki löglærður né sérfræðingur í umhverfismálum og verður að skoða þessa ritsmíð í ljósi þess og biðst hann afsökunar á þeim villum eða rangfærslum, sem kunna að hafa ratað inn í textann.

Hér eru tekin saman nokkur atriði sem höfundur telur mikilvæg til þess að varpa ljósi á þau hryðjuverk sem verið er að undirbúa gegn náttúru og mannlífinu á Íslandi. Framtíðarkynslóðir okkar eiga betra skilið.

Svo virðist sem fjársterkir aðilar herji nú á veikburða sveitarfélög með milljóna- og jafnvel milljarða loforðum, fórnir þau landsvæðum, hreinleika náttúrunnar, óröskuðum víðernum og sálarró íbúanna í nafni „loftslagsmála og orkuskipta“. Áróðurinn er gegndarlaus með styrkri aðstoð fjölmiðla, einkum ríkisfjölmiðilsins RÚV sem veltir milljörðum af skattfé landsmanna. Ritsmíð þessi er viljandi höfð ítarleg og löng en það er gert í þeirri von að hún sé fræðandi um um það sem raunverulega er að gerast í þessum málum og að hún geti virkað sem heimild, sem aðrir geti nýtt sér til að skila inn athugasemdum í sambærilegum málum, sem örugglega verða fleiri í framtíðinni. Það er eina lýðræðislega vopn almennings til að hafa bein áhrif á gang mála f.u. íbúakosningar.

Hafnfirðingar höfðu vit á því að hafna Coda Terminal verkefninu þar sem dæla átti 3. milljónum af iðnaðarmengun frá ESB nánast í bakgarðinn hjá þeim. Nú eru íbúar Ölfuss næstir og svo kemur Húsavík og Helguvík. Milljarðarnir freista.

Áfram frjálst Ísland!

Heimildir:

Ref. 1

<https://www.science.org/doi/10.1126/science.aad8132>

Ref. 2

https://www.geochemicalperspectives.org/wp-content/uploads/Comment_GPv12n2.pdf?utm_source=chatgpt.com

Ref. 3

https://www.energy.gov/sites/default/files/2024-11/Carbon%20Negative%20Shot_Technological%20Innovation%20Opportunities%20for%20CO2%20Removal_November2024.pdf

Ref. 4

https://se.copernicus.org/articles/13/137/2022/?utm_source=chatgpt.com

Ref. 5

<https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1048>

Ref. 6

<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/619>

Ref. 7

<https://vb.is/skodun/loftkastalar-og-carbfix/>

Ref. 8

https://www.olfus.is/static/files/Thjonusta/Umhverfismal/umhverfisstefna_olfus_2014-2018.pdf

Ref. 9

<https://www.olfus.is/is/stjornsysla/stjornkerfi/fundargerdir/display?id=1503004F>

Ref. 10

<https://www.dfs.is/2018/10/05/baejarstjorn-olfuss-hafnadi-nessandi-og-kirkjuferjuhjalegu-sem-urdunarstodum/>

Ref. 10

https://www.researchgate.net/publication/310748566_Toxicological_risk_assessment_in_CO2_capture_and_storage_technology

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Eydís Salome Eiríksdóttir

Sent inn þann: 15.08.2025

Viðhengi:

2.1.Umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsáætlun CODA stöð Ölfus.pdf

Hafnarfirði 15. ágúst 2025
Málsnúmer: 2025-07-377

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um matsáætlun CODA stöðvar í Ölfusi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar 23. júlí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna matsáætlunar um ofangreinda framkvæmd. Óskar Skipulagsstofnun eftir því að Hafrannsóknastofnun gefi umsögn um meðfylgjandi matsáætlun framkvæmdarinnar skv. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Hafrannsóknastofnun hafi athugasemdir við það hvernig framkvæmdaraðili hyggist vinna að umhverfismati framkvæmdarinnar, út frá sínu starfssviði, svo sem um skilgreiningu valkosta, gagnaöflun, úrvinnslu gagna, umhverfismat og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum Hafrannsóknastofnun telji að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við umhverfismat framkvæmdarinnar.

Coda Terminal hf. undirbýr nú framkvæmdir við móttöku- og geymslustöð fyrir koldíoxíð (CO_2) í Ölfusi sem nefnist Coda stöðin. Þar stendur til að taka á móti fljótandi CO_2 sem fangað verður úr iðnaðarútblastri í Norður-Evrópu, flutt með skipum til Íslands og dælt niður til varanlegrar geymslu í landi Nessands í Ölfusi með Carbfix tækninni. Carbfix tæknin gengur út á að herma og hraða náttúrulegum ferlum sem binda kolefni í bergi með útfellingu á kolefnisríkum steindum í berggrunninum. Áætlað er Coda stöðin verði byggð upp í áföngum en gert er ráð fyrir að rekstur geti hafist árið 2029 og að stöðin verði fullbyggð árið 2034. Gert er ráð fyrir að stöðin muni taka við og binda varanlega allt að þrjár milljónir tonna af CO_2 árlega á þrjátíu ára líftíma stöðvarinnar. Rannsóknir og eftirlit Carbfix munu halda áfram á svæðinu á framkvæmda- og rekstrartíma.

Carbfix tæknin krefst mikils vatnsmagns til að leysa upp CO_2 gas og tryggja örugga niðurdælingu og við full afköst gera áætlanir ráð fyrir allt að 3000 L/s af köldu vatni (ferskvatn og jarðsjór) og 123 L/s af 80°C heitu vatni. Samkvæmt matsáætlun verður fjallað um áhrif af vatnspörf, vatnstöku og staðsetningu vatnsöflunar í umhverfismatinu. CODA stöðin mun einnig krefjast um 20-30 MW raforku við fulla starfsemi en ekki er fjallað um þann hluta í matsáætluninni sem ef til vill mætti fjalla um í umhverfismatinu.

Á svæðinu eru þegar fyrirtæki sem nýta mikið magn af grunnvatni. Samkvæmt matsáætluninni á að vakta grunnvatn í samstarfi við aðra aðila sem nýta grunnvatn við Þorlákshöfn og útbúin verður raunsæ og skilvirk viðbragðsáætlun sem mun byggja á upplýsingum frá öllum þeim aðilum sem nýta vatn á svæðinu. Með því móti verður hægt að fylgjast með því hvort grunnvatnsbreytingar eða seltuaukningar stefna í að fara yfir ásættanleg mörk og þá hægt að bregðast tímanlega við til að koma í veg fyrir umhverfisslys (sjá bls 32 í matsáætlun). Hafrannsóknastofnun tekur undir það að þetta mjög mikilvægt umfjöllunarefni því samlegðaráhrif við önnur fyrirtæki sem einnig nýta grunnvatn á svæðinu verða líklega mjög mikil. Leggja þarf mikla áherslu á að gera sem besta grein fyrir þessum samlegðaráhrifum, bæði á magnstöðu og efnafræðilegt ástand. Ekki verður séð með góðu móti hvernig móta á slíka viðbragðsáætlun sem nær til allra þeirra fyrirtækja sem hafa

sameiginlegra hagsmuna að gæta á svæðinu en það er einmitt mjög mikilvægt að slík áætlun verði gerð sem hluti af skipulagsferlinu varðandi framkvæmdina, sem og aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Á framkvæmdasvæðinu eru engin skilgreind straum- eða stöðuvatnshlot en Hafrannsóknastofnun bendir á að mikilvægt sé að draga fram hvort möguleiki sé hvort vatnshlotið geti haft áhrif á strandsjávarvatnshlot, t.d. vegna leka úr niðurdælingu (kafla 7.3 í matsáætlun) eða mögulegra lekaslysa á flutningsleið gass að niðurdælingarstöðinni, eins og fjallað er um í matsskýrslunni á bls. 37.

Hafrannsóknastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Fyrir hönd Hafrannsóknastofnunar

Eyðm Salome Eriksdóttir

Mál nr. 1048/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Rán Sturlaugsdóttir

Sent inn þann: 27.08.2025 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Viðhengi:

20.1.Coda stöðin Ölfusi - umsögn um kynningu matsáætlunar vegna mats á umhverfisáhrifum.pdf



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 26. ágúst 2025
2507102HS RS

Efni: Coda stöðin Ölfusi - umsögn um kynningu matsáætlunar vegna mats á umhverfisáhrifum

Þann 23. júlí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um kynningu matsáætlunar vegna fyrirhugaðrar Coda stöðvar í landi Nessands, sem er á milli Selvogs og Þorlákshafnar, í sveitarfélaginu Ölfusi.

Í kynningunni kemur fram að í stöðinni sé áformað beita Carbfix tækni sem felur í sér að dæla koldíoxíði (CO_2) leystu í vatni djúpt niður í basaltbergglög þar sem það hvarfast við bergið og verður að steindum. Markmið framkvæmdarinnar er að mynda varanlegt geymsluform fyrir CO_2 . Þegar stöðin er komin í fullan rekstur er áætlað að dæla niður árlega allt að 3.000.000 tonna af CO_2 , sem fangað verður úr iðnaðarútblæstri í Norður-Evrópu og flutt hingað til lands á fljótandi formi með sérhönnuðum skipum. Einnig verður hægt að dæla niður CO_2 sem fangað verður frá innlendum iðnaði.

Framkvæmdasvæðið er skilgreint sem skrógræktar- og landgræðslusvæði (SL1), opið svæði (OP5) og landbúnaðarsvæði (L1). Nyrsti hluti framkvæmdasvæðis er innan grannsvæðis vatnsverndar (VG1) og hverfisverndarsvæðið Selvogur (HV1) er í jaðri þess. Þéttbýlið í Þorlákshöfn og svæði sem er á C-hluta náttúruminjaskrár, Stakkavík og Hlíðarvatn (nr. 751), eru í um 5 km fjarlægð frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Framkvæmdin felur í sér uppsetningu á CO_2 geymi og öðrum þjónustubyggingum í nágrenni hafnar og lagningu flutningslagna frá geymi að borteigum, en ekki liggur fyrir hvaða hafnaraðstaða verði nýtt til affermingar (Þorlákshöfn eða Keflavík). Innan framkvæmdasvæðis verða gerðir borteigar þar sem innan hvers teigs geta verið allt að átta niðurdælingarholur og vatnstökuholur, skýli yfir borholur og stjórnbygging. Lagðir verða þjónustuvegir og dreifilagnir milli borteiga. Áætlað er uppbygging stöðvarinnar fari fram í fjórum áföngum (á árabílinu 2029-2034).

Fjöldi niðurdælingahola og borteiga hefur ekki verið endanlega ákveðinn og mun fara eftir niðurstöðu valkostadreifingar. Hver niðurdælingarhola veður fóðruð með tæringarþolnu efni niður fyrir efri grunnvatnslög. Heildar- og fóðringardýpt hvernar



holu verður ákvarðað við borun og ræðst af jarðlögum og viðtökum bergsins hverju sinni, en dýpið miðast við það að CO₂ verði að fullu leyst þegar það fer niður fyrir fôðrunardýpt og þannig komið í veg fyrir að vökvinn leiti upp í efri lög. Vatnsnotkun vegna niðurdælingar er áætluð 3000 l/s við full afköst og mun samanstanda af ferskvatni og sjó. Áætluð heitavatsnotkun, til fasabreytingar á CO₂, eru 123 l/s af 80°C heitu vatni.

Áður en framkvæmdir hefjast verða rannsóknarboranir gerðar á svæðinu, þrjár rannsóknarholur og tvær vöktunarholur. Tilgangur þeirra er að meta fýsileika svæðisins sem niðurdælingarsvæði.

Eftir líftíma Coda stöðvarinnar, sem er áætlaður 30 ár, verður tekin ákvörðun um áframhald niðurdælingar eða niðurrif. Þegar niðurdælingarholur eru teknar úr notkun verður vatni án uppleysts CO₂ dælt í holuna í eina viku eftir að niðurdælingu CO₂ er hætt. Allur niðurdælingarbúnaður fjarlægður og lok sett á flangs holufóðringar.

Í umhverfismati verða metin áhrif á umhverfispættina geymslugeymir, loftslag, vatnafar, jarðmyndanir, vistgerðir og gróður, jarðskjálftavirkni, landslag og ásynd, menningarminjar, samfélag, heilbrigði og öryggi. Þá verður einnig fjallað um möguleg samlegðaráhrif, m.a. á grunnvatn, sem geta orðið vegna annarrar uppbyggingar og starfsemi í nágrenni fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Þeir umhverfispættir sem ekki verður fjallað um í umhverfismatsskýrslu eru fuglalíf, loftgæði og áhrif sjóflutninga.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda kynningu matsáætlunar fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við hana sem slíka, en fyrirhuguð starfsemi felur í sér mikla vatnsnotkun og bendir embættið á að tryggja verði að öryggi neysluvatns til íbúa og matvælafyrirtækja á svæðinu verði ekki ógnað. Embættið bendir einnig á að umhverfismarkmið vatnshlota sem koma fram í III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota aldrei hnigna miðað við þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir viðkomandi vatnshlot, hvorki tímabundið né varanlega, nema undanþága hafi verið veitt. Í kynningu matsáætlunar kemur ekki fram hvort möguleiki sé að endurnýta vatn í vinnsluferlum stöðvarinnar svo draga megi úr umhverfisáhrifum hennar.

Í kynningunni kemur fram að föngun og hreinsun CO₂ frá iðnaðarútblastri sé ekki hluti af þessari framkvæmd og því kemur ekki fram hvaða önnur efni geta fylgt með CO₂ sem er dælt niður, í hvaða styrkleika og mögulegum áhrifum þeirra.

Annars telur embættið að áætlunin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og þeim umhverfispáttum og valkostum sem matið skal taka til. Þá gerir embættið ekki athugasemdir við hvernig til stendur að vinna úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, né heldur fyrirhugaða framsetningu þeirra í umhverfismatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir jarðborunum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna



ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum standur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Rán Sturlaugsdóttir

Rán Sturlaugsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Með fylgir umsögn frá First Water hf. vegna matsáætlunar Coda Terminal hf. í Ölfusi.

Höfundur: Heimir Ingimarsson

Sent inn þann: 27.08.2025

Viðhengi:

21.1.umsogn_firstwater_27.08.2025.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2025

Efni: Umsögn First Water hf. um matsáætlun Coda Terminal hf. í Ölfusi

First Water hf. starfrækir landeldisstöð í næsta nágrenni við fyrirhugaða móttöku- og geymslustöð Coda Terminal hf. í Ölfusi. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á verndun grunnvatnsauðlindar svæðisins og gerir eftirfarandi athugasemdir við framlagða matsáætlun:

1. Jarðskjálftar og niðurdæling

Nauðsynlegt er að matsáætlunin geri skýra grein fyrir hættu á jarðskjálftum af mannavöldum vegna niðurdælingar og hvernig slík áhætta verður metin, vöktuð og brugðist við. Sérstaklega þarf að fjalla um hugsanleg áhrif á byggð og innviði í nágrenninu.

2. Áhrif á grunnvatn

Fyrirhugað niðurdælingarsvæði er nálægt svæði þar sem m.a. fyrirtæki á borð við First Water hf. nýta grunnvatn. Mikilvægt er að meta líkur á því að niðurdælt CO₂ eða súrt vatn geti borist í efri grunnvatnslög og hvernig tryggt verði að slíkt geti ekki átt sér stað.

3. Vatnsnotkun

Áætluð vatnsnotkun verkefnisins er mikil (allt að 3.000 L/s). First Water hf. telur að brýnt sé að kanna sérstaklega hvort unnt sé að nota jarðsjó eða sjó fremur en ferskvatn, til að tryggja að verkefnið hafi ekki neikvæð áhrif á grunnvatnsauðlindir svæðisins.

4. Lekt jarðlaga

Mikilvægt er að matsáætlunin geri grein fyrir því hvort jarðlög á því dýpi sem áætlað er að dæla niður CO₂ hafi næga lekt og viðtökugetu, þannig að tryggt sé að dæling verði bæði framkvæmanleg og örugg án þess að valda þrýstingshækkunum eða annarri röskun á grunnvatnsstraumum.



Niðurstaða:

First Water hf. telur að framlögð matsáætlun taki að nokkru leyti á framangreindum atriðum, en að gera þurfi mun ítarlegri grein fyrir áhrifum á grunnvatn, vatnsnotkun og jarðskjálftavirkni áður en unnt er að meta hvort fyrirhuguð framkvæmd geti samrýmt annarri nýtingu auðlinda í Ölfusi.

f.h. First Water hf.

Stefán Jessen tæknistjóri

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Stefán", written over a horizontal line.

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Athugasemdir við matsáætlun Carbfix, sem dags. er í júlí 2025, vegna fyrirhugaðrar móttöku- og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð í landi Nessands í Ölfusi og niðurdælingu á iðnaðarúrgangi (CO2 vökva) frá iðnaðarverksmiðjum í Norður-Evrópu. Rannsóknarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóð ESB árið 2022.(skv. vef Carbfix). Athugasemdirnar eru í meðfylgjandi pdf skali "Aths_matsáætlun_Carbfix_26_08_2025.pfd".

Höfundur: Aldís Sigfúsdóttir

Sent inn þann: 27.08.2025


Viðhengi:

22.1.Aths_matsáætlun_Carbfix_26_08_2025.pdf

Málefni: Athugasemdir við matsáætlun Carbfix, sem dags. er í júlí 2025, vegna fyrirhugaðrar móttöku- og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð í landi Nessands í Ölfusi og niðurdælingu á iðnaðarúrgangi (CO₂ vökva) frá iðnaðarverksmiðjum í Norður-Evrópu. Rannsóknarverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóð ESB árið 2022.(skv. vef Carbfix). Mál nr. 1048/2025 í skipulagsgátt.

1. Vatnsverndarsvæði Ölfus

Fyrir Ölfus er í gildi **Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036**. Samkvæmt gr. 7.5 í greinagerðinni með aðalskipulaginu þá er Ölfus eitt gjöfulasta grunnvatnasvæði landsins enda spannar vatnsverndarsvæðið (fjarsvæði og grannsvæði) í Ölfusi yfir lang stærsta hluta af Ölfusi, sjá nánar skýringaruppdrátt VI. í aðalskipulaginu eða eftirfarandi:



Mynd 1. Skýringaruppdráttur VI. í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036. Rauði liturinn sýnir þéttbýlismörk, og **bláar hallandi samsíða línur** sýna vatnsverndarsvæðin, grannsvæði (þéttari línur) og fjarsvæði (gísnari línur) brunna, sjá nánar skýringaruppdráttinn í greinagerð með aðalskipulaginu.

[Handwritten signature]

Eins og segir í gr. 7.5.2 um grannsvæði vatnsbóla í *Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036*, þá eru grannsvæðin utan við brunnsvæðin og eru aðrennslissvæði grunnvatns, sjá eftirfarandi texta:

7.5.2. Grannsvæði vatnsbóla

Utan við brunnsvæði taka við grannsvæði vatnsbóla sem eru aðrennslissvæði grunnvatns. Verndarákvæði grannsvæða eru þessi:

- Á grannsvæðum er óheimilt að nota eða hafa birgðir af efnum, sem geta mengað grunnvatn. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem geta mengað grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn.
- Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu.
- Vegalagning, áburðarnotkun og önnur starfsemi skal vera undir ströngu eftirliti.

Óviðráðanlegar aðstæður eins og jarðskjálfti, þegar hann kemur, gæti einnig haft áhrif á innviði Carbfix frá skipi að borreitum, geymslutank, hitunarhús, rör, það má ekki missa sjónar á því að þessir innviðir innihalda banvæn efni.

Það er ekkert víst að slys hendi, en ef það gerist hver ber á því ábyrgð að bæta það tjón. Eins og staðan er nú getur Carbfix ekki bætt slíkt tjón, með neikvætt eigið fé vel yfir ½ milljarð. Er það Orkuveitan, er það Ölfus, er það Náttúruhamfartrygging Íslands eða ríkissjóður? Líklega ekki Náttúruhamfartrygging þar sem ákvarðanir um að veita þessari áhættusömu starfsemi brautargengi verða teknar af ríki og Ölfusi.

Fjárfestar halda að sér höndum við matvælavervefni í Ölfusi einungis vegna þeirrar ásyndar Carbfix verkefnisins sem hefur verið lýst hér að framan. Það þarf ekki slys til, það er nóg fyrir þá að greina áhættuna sem mun fylgja verkefni Carbfix, sem fengið hefur byr frá stjórnvöldum.

Verkefni Carbfix veldur mengun og sóun og leiðir af sér mikla áhættu

En snúum okkur að aðalatriði þessa máls. Carbfix hyggst flytja inn iðnaðarmengun frá Evrópu til Ölfuss og moka henni ofan í holur undir auðugustu vatnslindum/straumi á Íslandi, ef ekki í N. Evrópu.

Carbfix áformar að bora allt að 80 holur í landi Nessands, hver hola er ca. 50 cm í þvermál og allt að 1 km djúp. Hér er um að ræða veruleg inngríp í móður jörð og umhverfið. Hvað verður um allan uppgröftinn? Fyrir utan þessar 80 borholur eru borholur til að dæla upp vatni sem þrýst er með gasinu niður í áður nefndu stóru borholur.

Carbfix væntir þess að gasið með vatninu hvarfist við bergið undir yfirborði jarðar. Einkenni jarðlaga á þessu svæði eru gjótur, hellar, sprungur, gjár, - jarðlög eru gísín og engin veit hvernig þau liggja, bland af gasi og vatni geta leitt um marga ferkílómetra svæði frá hverri holu. Að öllum líkindum liggur gasblandan undir Selvogsstraumi áður en hún harðnar. Það er heldur ekki vitað fyrir vísit hversu langan tíma blandan hvarfast við bergið. Carbfix telur það taki 2 ár, en tíminn ræðst af hitastigi meðal annars. Hitastig í jörðu á Hellisheiði er hærra en niður við ströndina og því gæti hörðunin þar tekið einhver ár.

Fræðilega gæti 3ja ára birgðir of óharðnaðri gasblöndu, með öllum snefilefnum, legið í jörðu þegar stór skjálfti ríður yfir og breytir jarðlögum og eiturefnin gætu færst upp í vatnsbólin og skemmt þau varanlega.

Þegar gasblönduninni er dælt niður er möguleiki á að gasið leiti upp á yfirborð í gegnum sprungur og eyði lífi við jörð.

Til þess að ná áformum sínum þarf Carbfix auk verulegrar mikillar orku (20-30 MW) gífurlegt magn af heitu vatni og lindarvatni:

- 123 L/ sek af 80°C heituvatni, sem nægir til að hita upp 10,000 manna bæjarfélag
- 3 tn/ sek af lindarvatni, sem nægir til að svala þorsta 100 millj. manna, með 1 lítra af lindarvatni á dag.


Ys og þys útaf engu

Markmið Carbfix. “Að hafa raunveruleg áhrif í loftslagsmálum með öruggum og sönnuðum aðferðum við að binda CO2 í stein “

Eftir alla þessa áhættu, eyðileggingu, mengun og sóun er niðurstaðan þessi:

Carbfix bindur innan við 1 prómill af heimsmengun við fulla afkastagetu

Nýju fötin keisarans og Carbfix



Til allrar lukku eru menn farnir að átta sig á að áform Carbfix er algjör firra.

- **Heiðar fjárfestir segir umdeildar áætlanir Carbfix í Straumsvík fáránlegar**
(Re. Carbfix.com/newsmedia/carbfix-byður-til-fundar-i-þorlakshofn)
- **Ólga í Hafnarfirði – „Svona verkefni hefur aldrei verið framkvæmt af þessari stærðargráðu í heiminum, hvað þá í tilraunaskyni svona nálægt íbúabyggð“**
(Re. Carbfix.com/newsmedia/carbfix-byður-til-fundar-i-þorlakshofn)
- <https://www.facebook.com/julius.valsson/photos/orkuveita-reykjav%C3%ADkur-hefur-sviki%C3%B0-vi%C3%B0skiptavini-s%C3%ADna-%C3%AD-sta%C3%B0-%C3%BEess-a%C3%B0-tryggja-%C3%BEei/10163598951402905/>
- <https://heimildin.is/grein/23723/>
- <https://www.facebook.com/groups/314167052708949/posts/1935159617276343/>
- Of. Of.

Menn eru að átta sig á að Carbfix gengur um nakið eins og keisarinn forðum.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Guðnason
f.h. Aquaomnis ehf.

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 29.08.2025 , **Fyrir hönd:** Minjastofnun Íslands

Viðhengi:

31.1.Coda stöðin í Ölfusi - umsögn Minjastofnunar.pdf



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðarsvið
Suðurgötu 39 101 Reykjavík

(354) 570 13 14
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. ágúst 2025
MÍ202507-0125/ 6.07 / Þ.H.

Efni: Coda stöðin Ölfusi (nr. 1048/2025) – kynning mats- áætlunar.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsáætlun vegna áforma Coda Terminal hf um uppbyggingu móttöku og geymslustöðvar fyrir koldíoxíð (CO₂) í Ölfusi, upp frá ströndinni milli Selvogs og Þorlákshafnar.

Sjálfst niðurdælingarsvæðið er afmarkað á mynd 4.5 í matsáætlun, en fjöldi borteiga liggur enn ekki fyrir. Áformað er að hver þeirra verði um 1-1,2 ha að stærð og er gert ráð fyrir allt að átta niðurdælingarholum fyrir CO₂ á hverjum borteig. Á og í kringum borteigana er ráðgerð ýmiss uppbygging innviða, mannvirkja, vegslóða og lagna, bæði raf- og vatnslagna auk leiðsla fyrir flutning CO₂ úr geymslutönkum við höfnina að niðurdælingarholum. Þannig að gert er ráð fyrir töluverðum framkvæmdum utan hins afmarkaða niðurdælingarsvæðis. Mikilvægt er að fullnægjandi fornleifaskráning liggi fyrir á öllu áhrifasvæði framkvæmdanna til þess að meta áhrif hennar á menningarminjar.

Á hinu afmarkaða athafnasvæði (mynd 4.5) liggja fyrir tvær fornleifaskráningar. Það eru:

Ragnheiður Gló Gylfadóttir et. al.: *Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi. Áfangaskýrsla I* (Rv. 2015). Fornleifastofnun Íslands ses, og

Uggi Ævarsson: *Deiliskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Hafnarsandi við Þorlákshöfn*. (Rv. 2007). Fornleifastofnun Íslands ses.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Þór Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

Fyrri skráningin nær yfir allt athafnasvæðið en var gerð vegna vinnslu aðalskipulags. Við aðalskráningu af þessu tagi er gengið á þekktar minjar úr rituðum heimildum og þær skrásettar, en einstök svæði ekki endilega gengin af þeirri nákvæmni sem krafist er vegna gerðar deiliskipulags eða einstakra framkvæmda.

Síðari skráningin var gerð vegna deiliskipulags og má því ætla að svæðið hafi verið kannað skipulega á vettvangi. Sú skráning nær hins vegar aðeins yfir austasta hluta athafnasvæðisins auk þess sem hún var gerð árið 2007, þ.e. áður en farið var að mæla upp minjar af nákvæmni með GPS staðsetningartækjum og færa á kortagrunn. Í fyrirliggjandi skráningu voru minjarnar hnitsettar með staðsetningarpunkti.

Þótt skráningar þessar séu ágætlega unnar þá standast þær ekki þá staðla sem gilda í dag um skráningu vegna deiliskipulags eða framkvæmda. Því er nauðsynlegt að uppfæra fyrirliggjandi skráningar með tilliti til þessa, þ.e. fá fornleifafræðing til að kanna svæðið vandlega á vettvangi og mæla upp þær minjar sem finnast og færa á kortagrunn, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Landupplýsingagögnun ásamt skýrslu skal skilað inn til Minjastofnunar Íslands.

Í matsskýrslunni er greinargóður kafli um menningarminjar, kafli 7.8, bls. 36-37. Þar er gerð grein fyrir hvernig staðið skuli að skráningu svæðisins og er í samræmi við þær athugasemdir sem hér hafa verið gerðar.

Áhrifasvæði framkvæmdanna nær hins vegar út fyrir hið afmarkaða athafnasvæði sem sýnt er á mynd 4.5 í matsskýrslunni. Þar er fyrst og fremst um að ræða lagnaleiðir að fyrirhuguðum geymslutönkum við höfnina. Á því svæði liggja fyrir ýmsar nýlegar skráningar sem unnar hafa verið af ýmsu tilefni og er þetta svæði býsna vel kannað. Nálgast má þessi gögn í vefsíðu Minjastofnunar.

Í matsskýrslu þarf að gera góða grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á minjar og er mikilvægt að niðurstöður fornleifaskráningar verði kynntar og sýndar á korti á öllu áhrifasvæði framkvæmdanna, sbr. 23. gr laga um menningarminjar: *Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili ... lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða.*

Á bls. 4 er bent á að leyfi Minjastofnunar þurfi til að hrófla við fornleifum eða fara inn fyrir friðhelgunarsvæði þeirra, sbr. 21. gr. laga um menningarminjar, en í því sambandi er rétt að minna á að góður rökstuðningur þarf að fylgja slíkum beiðnum um að þörf sé á raska fornleifum og þarf þá að meta til hvaða mótvægisadgerða þarf að grípa, hugsanlega í formi frekari rannsókna. Það er því mikilvægt


að við hönnun innviða á svæðinu sé leitast við að taka tillit til minja eins og nokkur er kostur.

Helstu athugasemdir Minjastofnunar Íslands eru eftirfarandi:

- *Skráning fornleifa þarf að ná ekki aðeins yfir hið afmarkaða niðurdælingarsvæði eins og það er afmarkað í matsáætlun, heldur einnig yfir aðrar tengdar framkvæmdir og áhrifasvæði þeirra, eins og t.d. aðkomuvegi, jarðstrengi og lagnaleiðir og annað sem valdið getur raski á fornleifum. Að öðru leyti er í matsáætlun gerð fullnægjandi grein fyrir hvernig staðið verður að skráningu minja á framkvæmdasvæðinu*
- *Vakin er athygli á því að séu gerðar breytingar á ofangreindum svæðum eftir að skráningu fornleifa lýkur gæti þurft að bæta við fyrirbyggjandi skráningu. Þegar kemur að gerð deiliskipulags þarf skráning að ná yfir allt deiliskipulagssvæðið. Skráningu telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest hana, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.*
- *Ekki liggur fyrir endanleg áætlun um staðsetningu mannvirkja innan fyrirhugaðra framkvæmdasvæða. Minjastofnun mun úrskurða, ef eða þegar þar að kemur, hvort minjar megi víkja vegna framkvæmda og sömuleiðis til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa til ef fornleifar eru í yfirvofandi hættu.*
- *Í matsáætlun er fjallað nokkuð um áhrif framkvæmdanna á landslag og sjónræn áhrif þeirra á umhverfið. Minjastofnun vekur athygli á því að við vernd menningarminja er í auknum mæli horft til varðveislu menningar- og búsetulandslags og sjónrænna áhrifa framkvæmda á það, með hliðsjón af Evrópska landslagssamningnum, lögum um menningarminjar, lögum um náttúruvernd auk menningarstefnu í mannvirkjagerð sem og Landsskipulagsstefnu. Ljóst er að framkvæmdir af þessu tagi hafa mikil áhrif á upplifunargildi minjasvæða og menningarlandslags, enda er framkvæmdin í námunda við fjölbreytt búsetulandslag við ströndina.*

Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina. Frekari leiðbeiningar eða upplýsingar um ofangreint má fá hjá undirrituðum.

Virðingarfyllst,



Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Mál nr. 1048/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 29.08.2025 , **Fyrir hönd:** Veðurstofa Íslands

Viðhengi:

32.1.Umsögn - Sveitarfélagið Ölfusi - Coda stöðin Ölfusi.pdf

Skipulagsstofnun
Bt. Jakobs Gunnarssonar

Dags. 29. ágúst 2025
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2025-0204

Með erindi dags. 23. júlí sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um kynningu á matsáætlun vegna Coda stöðvarinnar í Ölfusi.

Umsögn Veðurstofu Íslands sem lýtur aðeins að kafla 7.3 um vatnafar og er sem hér segir:

Coda Terminal hf. undirbýr nú framkvæmdir við móttöku- og geymslustöð fyrir koldíoxíð (CO_2) í Ölfusi sem nefnist Coda stöðin. Í Coda stöðinni er tekið á móti CO_2 straumi sem fangaður er úr iðnaðarútbæstri í Norður-Evrópu og dælt niður til varanlegrar geymslu í landi Nessands í Ölfusi með Carbfix tækninni. Carbfix tæknin gengur út á leysa koldíoxíð (CO_2) upp í vatni, dæla því niður í basísk hraunlög þar sem það leysir upp og hvarfast við málma í berginu og fellur út sem karbónat síðsteindir.

Áætluð vatnsnotkun í Coda stöðinni eru allt að 3000 L/s. Sú notkun samanstendur af bæði ferskvatni og jarðsjó en hvergi kemur fram í hvaða hlutfalli. Staðsetningar á vatnstökustöðum eru til skoðunar en mögulega verður dælt vatni upp úr grunnum (ca. 100 m djúpum) vatnstökuholum við hvern borteig. Ekki kemur fram hvar og hvernig er áætlað að afla jarðsjó. Áætluð hitavatnsnotkun er 123 L/s af 80°C heitu vatni en ekki kemur fram hvaðan heita vatnið verður fengið og hvar heitavatnslagnir verða staðsettar. Þörf er á ítarlegri umfjöllun um vatnstöku, vatnsþörf og staðsetningu vatnsöflunar í umhverfismatsskýrslu.

Veðurstofan bendir á að samanlögð áhrif þeirra fyrirtækja sem taka upp ferskvatn og/eða jarðsjó við Þorlákshöfn eru nú þegar tiltölulega mikil og þarf að stíga varlega til jarðar við 3000 sekúndulíttra viðbót. Veðurstofan tekur undir áform framkvæmdaraðilans um að efla til samstarfs við aðra aðila á svæðinu til að útbúa raunsæja og skilvirka viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir umhverfisslys. Einnig þarf að passa að efnafræðilegt ástand og magnstaða grunnvatnshlotsins hnigni ekki.

Í kafla 7.3.2 kemur fram að "til að fylgjast með sveiflum í grunnvatnsstöðu verða grunnvatnsmælar settir upp og reknir í völdum holum". Veðurstofan leggur til að framkvæmdaraðili vakti ekki einungis grunnvatnsborð heldur einnig seltu (leiðni), sýrustig (pH) og hitastig. Þannig má auka skilning á samspili ferska grunnvatnsstrauma og jarðsjós á svæðinu. Aukin vöktun með siritandi grunnvatnsmælum nýtist einnig í fyrirhugaðri viðbragðsáætlun þeirra fyrirtækja sem nota grunnvatn við Þorlákshöfn.

Til viðbótar á lista yfir fyrirliggjandi gögn og viðmið (7.3.1.1) er bent á skýrslu Veðurstofunnar um tillögu að aðferðafræðilegri nálgun við mat á magnstöðu grunnvatns (https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/VI_2019_012_vef.pdf_Magnstada%20grunnvatns.pdf).

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 03.09.2025 , **Fyrir hönd:** Náttúruverndarstofnun

Viðhengi:

33.1.4fe47774-4789-4d8e-92dc-f63c9af7ba71-Umsögn - Coda terminal - Ölfussi.pdf
Náttúruverndarstofnun.pdf

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 3. september 2025
202507-0126/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun - Coda stöðin Ölfusi Skipulagsstofnun.

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 23. júlí sl. , þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar um matsáætlun fyrir móttöku- og geymslustöð koldíoxíðs í Ölfusi („Coda stöðin“). Framkvæmdaraðili er Coda Terminal hf., í eigu Carbfix hf.

Framkvæmdarlýsing

Í matsáætlun kemur fram að áætlað er að binda allt að þrjár milljónir tonna af CO₂ á ári í fjórum áföngum með niðurdælingu í basaltið í landi Nessands í Ölfusi. CO₂ verður flutt til landsins á skipum frá Evrópu, auk þess sem mögulegt verður að dæla niður CO₂ sem fangað er innanlands, bæði úr iðnaði og beint úr andrúmslofti.

Framkvæmdasvæðið er um 2.145 ha að stærð og liggur á sandorpu hrauni milli Þorlákshafnar og Selvogs. Samkvæmt matsáætlun eru engin friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá innan framkvæmdasvæðisins. Nyrsti hluti svæðisins liggur á jaðri við Selvog, sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í matinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun,

tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

- Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.
- Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að hraun sem nýtur sérstakrar verndar sé kortlagt með vettvangsrannsókn
- Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.
- Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð.

Samatekt:

- Kortleggja og meta hraunið með vettvangsrannsókn.
- Meta verndargildi jarðmyndana (gígar, hrauntraðir o.s.frv.) sérstaklega.

- Rökstyðja sérstaklega ef rask er talið óhjákvæmilegt.
- Greina aðra valkosti og ástæður þess að þeir voru ekki valdir.
- Tryggja mótvægisáðgerðir og frágang.

Fuglalíf

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið liggi á jaðri við Selvog, sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þar segir jafnframt (kafla 7.11) að framkvæmdaraðili telji ekki þörf á að fjalla frekar um fuglalíf þar sem framkvæmdir muni einungis skerða tiltölulega lítinn hluta búsvæða fugla.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Selvogur er austarlega á sunnanverðum Reykjanesskaga og nær frá Engilsvík (Selvogsvita) að Vogsósi, útfalli Hlíðarvatns. Svæðið er þekkt fyrir fjölbreytt fuglalíf, m.a. á fartíma, og stenst alþjóðleg verndarviðmið samkvæmt skilgreiningu Important Bird Area (IBA). Þar nýtir rauðbrystingur (*Calidris canutus*) svæðið á fartíma í allt að 5.100 einstaklingum (1990), sem jafngildir 1,46% af heimsstofni tegundarinnar, og uppfyllir þannig viðmiðin B1i og B2.¹

Einnig er vert að nefna að þó fuglalíf sé almennt fábreytt innan þeirra vistgerða sem finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar, eru þær tegundir sem nýta sér þær, t.d. mófuglategundir líkt og heiðlóa og spói, á válista² og ábyrgðategundir Íslands³ sökum hás hlutfalls af varpstofni Evrópu. Mikilvægt er að kortleggja þéttleika þessara fugla og mögulegt búsvæðatap.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að fuglalíf verði hluti af umhverfismatinu.

Framkvæmdin getur haft áhrif á fugla með mismunandi hætti, t.a.m. með röskun á búsvæðum og farleiðum, hávaða og ljósmengun, og með óbeinum áhrifum á fæðuleit.

Stofnunin leggur áherslu á eftirfarandi:

- Fuglavernd þarf að vera sjálfstæður hluti matsins.
- Nauðsynlegt er að fuglalíf verði rannsakað bæði með vettvangsrannsóknum á far- og varptíma og með heimildarannsóknum byggðum á fyrirliggjandi gögnum.
- Áhrif framkvæmda á fuglalíf í Selvogi skulu metin sérstaklega, m.a. áhrif á varpfugla, farfugla og ábyrgðartegundir Íslands (t.d. spóa og heiðlóu).
- Sérstök áhersla skal lögð á tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum á svæðinu, einkum rauðbrysting.
- Gagnaöflun skal taka mið af árstíðasveiflum, þar sem verndargildi og viðkvæmni fuglastofna er breytilegt eftir tímum árs.
- Greina þarf möguleg samlegðaráhrif við aðrar framkvæmdir á svæðinu.

Náttúruverndarstofnun áréttar að umhverfismatið þarf að gera grein fyrir þessum atriðum með skýrum rökstuðningi og mótvægisáðgerðum.

¹ Náttúrufræðistofnun - Selvogur

² Náttúrufræðistofnun - Válisti fugla 2025

³ Náttúrufræðistofnun - Forgangstegundir fugla

Vistgerðir og gróður

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið einkennist af hraunlendisvistgerðum. Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er *eyðihraunavist* mest áberandi og hefur lágt verndargildi. Einnig er að finna *mosahraunavist* og *lynghraunavist*, sem hafa miðlungs verndargildi. Þá kemur fram að alaskalúpína sé til staðar á svæðinu. Meðfram sjónum eru skráðar grýttar fjörur sem flokkast í undirgerðirnar *þangfjörur*, *brimsamar hnallungafjörur* og *hrúðurkarlafjörur*. Brimsamar hnallungafjörur og hrúðurkarlafjörur hafa lágt verndargildi en verndargildi þangfjara ræðst af gerð, sem ekki er nánar skilgreind í gögnunum.

Við mat á áhrifum er gert ráð fyrir að styðjast við fyrirliggjandi gögn, einkum vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar og fjölrit stofnunarinnar nr. 54 *Vistgerðir á Íslandi*. Í umhverfismatsskýrslu verður kortlagt flatarmál rasks eftir vistgerðum og vistgerðir með hátt verndargildi eða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum verða sérstaklega merktar á kort.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar er gagnlegt sem grunnur en er á tiltölulega grófum mælikvarða og tryggir ekki að minni svæði eða blettir með hátt verndargildi komi fram. Því þarf að gera vettvangsstaðfestingu fyrir vistgerðir sem geta notið sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.
- Sérstakri athygli þarf að beina að vistgerðum sem falla undir Bernarsamninginn, svo sem votlendi, ef þær finnast innan framkvæmdasvæðis.
- Nauðsynlegt er að kanna sérstaklega hvort innan framkvæmdasvæðisins eða á áhrifasvæðum þess finnast tegundir sem falla undir friðun samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna. Kortlagning vistgerða getur ekki komið í stað kerfisbundinnar leit að slíkum tegundum.
- Framkvæmdaraðili þarf að tryggja að flatarmál rasks verði sundurliðað eftir vistgerðum í umhverfismatsskýrslu og að áhrif á vistgerðir og gróður verði metin bæði að umfangi og varanleika.

Náttúruverndarstofnun áréttar að forðast beri röskun á vistgerðum með hátt verndargildi eftir föngum og gera skýra grein fyrir mótvægisáðgerðum og frágangi þar sem rask er talið óhjákvæmilegt.

Vatnamál

Í greinargerð kemur fram að mat á áhrifum á grunnvatn byggist bæði á fyrirliggjandi gögnum og nýrri gagnaöflun. Lagt er til að farið verði yfir eldri rannsóknir og umhverfismatsskýrslur, m.a. vegna fiskeldisframkvæmda í nágrenninu. Jafnframt verði ráðist í sýnatökur úr grunnvatni og yfirborðsvatni, bæði í fyrirliggjandi og nýjum borholum, og settir upp grunnvatnsmælar í völdum holum. Þróað verður sértækt grunnvatnslíkan til að meta hvernig vatnstaka og niðurdæling geti haft áhrif á magn og gæði grunnvatns, og gerð greining á grunnvatnsauðlindinni til að áætla stað- og svæðisbundnar breytingar á vatnsborði. Þá kemur fram að sett verði upp sameiginleg vöktun með öðrum vatnsnotendum á svæðinu og þróuð skilvirk viðbragðsáætlun til að bregðast við hugsanlegum breytingum á vatnsmagni eða vatnsgæðum.

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Nauðsynlegt er að fyrir liggi grunngögn um magn og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins áður en framkvæmdir hefjast, þannig að samanburður verði mögulegur og áhrif framkvæmdarinnar metin með fullnægjandi hætti.
- Nauðsynlegt er að skilgreina fyrirfram hvaða aðgerða verði gripið til ef vöktun sýnir breytingar sem geta stefnt umhverfismarkmiðum vatnshlotsins í hættu. Náttúruverndarstofnun áréttar að mat á áhrifum framkvæmdarinnar á grunnvatn þarf að vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022–2027 og leiðbeiningar Umhverfis – og orkustofnunar.

Landslag

Náttúruverndarstofnun bendir á eftirfarandi:

- Mikilvægt er að ásýndarmyndir verði unnar frá helstu ferðaleiðum og viðkvæmum sjónarhornum, ekki eingöngu frá framkvæmdasvæðinu sjálfu.
- Greina þarf sérstaklega hvort framkvæmdin muni skerða upplifun af landslagi sem telst ósnortið eða hefur sérstakt gildi samkvæmt náttúruverndarlögum og Evrópska landslagssáttmálanum.
- Þar sem framkvæmdin felur í sér stór mannvirki á strandsvæði þarf að leggja áherslu á samræmi við 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem kveður á um að byggingar og mannvirki skuli falla sem best að landslagi og ásýnd náttúrunnar.
- Meta þarf hvort ásýndarmyndir og hönnun mannvirkja taki tillit til að draga úr sjónrænum áhrifum, m.a. með formi, litavali og staðsetningu. Náttúruverndarstofnun áréttar að áhrif á landslag og ásýnd þurfa að vera metin bæði á staðbundnum og svæðisbundnum mælikvarða og að niðurstöður verði kynntar með skýrum sjónrænum gögnum í umhverfismatsskýrslu.

Samlegðaráhrif með tengdum framkvæmdum

Í greinargerð kemur fram að hafnarframkvæmdir verði ekki á vegum Carbfix heldur séu tengdar framkvæmd sem sveitarfélagið eða aðrir aðilar muni bera ábyrgð á. Á þessu stigi liggur ekki fyrir hvort nýta eigi stækkun Þorlákshafnar eða nýjan hafnarkost í Keflavík. Ákvörðun um endanlegt val verður tekin síðar og lögð fyrir Skipulagsstofnun með matsskyldufyrirspurn.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt hafnarframkvæmdir séu formlega skilgreindar sem tengd framkvæmd þurfa þær engu að síður að vera hluti af heildarmati á umhverfisáhrifum Coda verkefnisins. Hafnarkosturinn hefur afgerandi áhrif á heildarumhverfisáhrif verkefnisins, þar sem um er að ræða umfangsmikil mannvirki, aukna siglingaumferð og tengda starfsemi.

Að mati Náttúruverndarstofnunar vantar eftirfarandi atriði í greinargerðina:

- Mat á því hvernig mismunandi hafnarkostir (Þorlákshöfn eða Keflavík) geta haft ólíkar afleiðingar fyrir fuglalíf, vatnafar, ásýnd og landslag.
- Samlegðaráhrif með öðrum áformum á hafnarsvæðinu, þar á meðal fiskeldi, innviða- og iðnaðaruppbyggingu í Þorlákshöfn og aukinni siglingaumferð.

- Heildarmat á aukinni umferð á landi (flutningar milli hafnar og niðurdælingarsvæða) í samhengi við vaxandi álag vegna annarra framkvæmda í Þorlákshöfn.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað ítarlega um samlegðaráhrif tengdra hafnarframkvæmda, óháð því hvor höfnin verður fyrir valinu, og að mótvægisáðgerðir verði skilgreindar með hliðsjón af því.

Snefilefni

Í greinargerð kemur fram að í Coda stöðinni verði tekið á móti CO₂ straumi sem fangaður er úr iðnaðarútblastri í Norður-Evrópu, m.a. frá ál-, stál- og sementsframleiðslu. Að mati Náttúruverndarstofnunar er óljóst hvort efnasamsetning slíks straums geti verið breytileg eftir uppruna útblástursins og er því nauðsynlegt að framkvæmdaraðili leggi fram nákvæma efnagreiningu á straumnum áður en niðurdæling hefst, til að tryggja að hægt sé að meta hvort snefilefni fylgi honum og hvaða áhrif þau geti haft á grunnvatn, berg og lífríki. Í því samhengi vill Náttúruverndarstofnun benda á eldri umsögn Umhverfisstofnunar um umhverfismatsskýrslu varðandi Coda terminal í Straumsvík.⁴

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að í umhverfismatinu verði:

- Greint frá efnasamsetningu CO₂ straumsins, þ.m.t. snefilefnum, með hliðsjón af mismunandi uppruna iðnaðarútblasturs, t.d. frá málframleiðslu, olíu- og gasiðnaði, orkuverum, sement- og kalkframleiðslu og efnaiðnaði
- Lagt mat á hvernig snefilefni hvarfast við berggrunninn og hvort þau séu líkleg til að bindast varanlega eða berast með grunnvatni.
- Gerð grein fyrir mögulegum áhrifum snefilefna á lífríki í grunnvatni og strandsvæðum, sérstaklega þar sem svæðið liggur að vatnsverndarsvæði.
- Vöktunaráætlun geri ráð fyrir reglubundnum mælingum á snefilefnum í niðurdælingarlausn og í grunnvatni í grennd til að tryggja að þau berist ekki út fyrir áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Útivist

Náttúruverndarstofnun bendir á að í greinargerð er ekki fjallað sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðapjónustu. Svæðið við Selvog hefur bæði gildi fyrir fuglaskoðun og útivist, og er hluti af ímynd landslags á Reykjanesskaga. Mikilvægt er að meta hvort mannvirkjagerð, aukin umferð og skipaumferð geti haft áhrif á upplifun svæðisins og möguleika til ferðapjónustu í framtíðinni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

⁴ <https://ust.is/library/sida/atvinnulif/M%381U-Coda%20Terminal-m%3b3tt%3b6ku%20og%20geymslust%3b6%3b0%20fyrir%20kold%3adox%3ad%3b0-ums%3b6gn.pdf>

Skúli Þórðarsson
verkefnastjóri

Mál nr. 1048/2025 í Skipulagsgátt

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Höfundur: Jakob Gunnarsson

Sent inn þann: 03.09.2025 , **Fyrir hönd:** Umhverfis- og orkustofnun

Viðhengi:

34.1.UOS Umsögn um matsáætlun Coda stöðvar í Ölfusi.pdf

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég mótmæli harðlega niðurdælingu iðnaðarúrgangs í jarðveg innan Ölfuss. Ástæðurnar eru eftirtaldar.

Sveitarfélagið er með aðgang að svo hreinu vatni að það þótti ástæða til að votta það og því er það dýrmæt auðlind sem er gulls ígildi og ætti ekki að verða íblöndunarefni fyrir gas og eiturefnaúrgang.

Einnig að hér er um að ræða hættulegan úrgang í landslag sem engin veit fyrir hvernig liggur undir yfirborði og engar upplýsingar að það hafi verið rannsakað til að tryggja að ekki fari úrgangur í sjó með skaða á lífríki sjávar og sjó sem svo á að nýta í sjálfbær laxeldin eða trygging fyrir því að slíkt geti ekki skaðað jarðveg um ókomna framtíð.

Ekki er vitað hvort nægt vatn er til og nú undanfarna mánuði hafa vatnsból þornað við td.bústaðinn við Strandakirkju og jafnvel álitíð að jarðskjálftar hafi haft mestu um það að segja.

Þegar orku- og vatnsþörf verksmiðjunnar er umfram það sem til er þarf að sníða stakk eftir vexti og hlúa að því sem komið er af fólki og fyrirtækjum áður en slíkum iðnaði er veittur brautargengi.

Virkt eftirlit sveitarfélagsins sem tryggir öryggi íbúa í þessum málum er óljóst, þar sem fólk með öndunarsjúkdóma getur ekki einu sinni treyst á einn einasta gasmæli vegna gosmengunnar þá er lítið traust eftir til eftirlits með efnainnflutinging frá höfn, um íbúabyggð og í nálægð við bæinn allan, við fiskeldi vestur um ósnortið landsvæði.

Þegar sveitarfélagið boðar það að byggja svo 155 íbúðir við höfnina með hag íbúa og fjölskyldna í huga, á hafnar svæði þar sem á að landa og flytja um mestu eiturefni sem finnast er fokið í flest skjól.

Með von í brjósti mér að sveitarstjórn taki mark á orðum mínum og áhyggjum.

G. Ásgerður Eiríksdóttir

Höfundur: Guðlaug Ásgerður Eiríksdóttir

Sent inn þann: 25.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Að flytja inn mengun og dæla í íslensk jarðlög og nota til þess ógrynna af heitu og köldu vatni er fátánleg hugmynd. Alveg sama hvar á landinu sú áætlun er áformuð.

Höfundur: Elinóra Inga Sigurðardóttir

Sent inn þann: 25.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég er alfarið á móti því að dæla niður úrgangi í jörðu hvort sem það er hér í Þorlákshöfn eða annarstaðar á Íslandi

Höfundur: Sigrún Theódórsdóttir

Sent inn þann: 25.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég mótmæli harðlega niðurdælingu iðnaðarúrgangs í jarðveg innan Ölfuss. Hér er um að ræða hættulegan úrgang í landslag sem engin veit fyrir hvernig liggur undir yfirborði og engar upplýsingar að það hafi verið rannsakað til að tryggja að ekki fari úrgangur í sjó með skaða á lífríki sjávar. Hér er um að ræða eitthvað sem gæti skaðað jarðveg um ókomna framtíð. Og ef þetta er hættulaust hvers vegna er verið að flytja þetta hingað, en ekki dæla þessu í viðkomandi landi.

Höfundur: Agnes Karen Kristberg Ástþórsdóttir

Sent inn þann: 25.08.2025

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Umsögn um matsáætlun „Coda stöðin Ölfusi“
Mál nr. 1048/2025

Með vinsemd,

Hákon Jóhannesson

Matvælafræðingur, aðgerðarsinni
á sviði náttúruverndar og hollustuhátta

Höfundur: Hákon Jóhannesson

Sent inn þann: 26.08.2025

Viðhengi:

8.1.Umsögn_Coda-stod_Olfus_HJoh.pdf

Skipulagsstofnun

Borgartún 7b
105 Reykjavík

**Umsögn um matsáætlun Carbfix, dótturfélags OR, vegna niðurdælingaráforma í Ölfusi.
„Coda stöðin Ölfusi, mál nr. 1048/2025“**

Ég mótmæli áformum Carbfix hf. (Carbfix/Orkuveitu Reykjavíkur) um innflutning og niðurdælingu loftslagsúrgangs. Áformin gera ráð fyrir að flytja inn loftslagsúrgang í tankskipum og dæla niður allt að 3.000.000.000 kg af koldíoxíði á ári, ásamt „tilfallandi efnum“ sem flokkast sem mengandi efni, í jarðlög í Ölfusi.

Slík framkvæmd ógnar, að mínu mati, einni dýrmætustu auðlind Íslendinga – neysluvatninu – og felur í sér óásættanlega áhættu fyrir náttúru, samfélag og matvælaframleiðslu svæðisins.

Að mati undirritaðs er helsti veikleiki verkefnisins – *Akkilesarhæll* - tengdur öryggi og hollustuháttum. Þá liggur einnig fyrir að umhverfisáhrif af þessari niðurdælingu eru að öllum líkindum margvísleg og umfangsmikil. Því er hjálögð umsögn ekki tæmandi að því leyti.

Helstu athugasemdir:

- **Neysluvatn og matvælaöryggi:** Ísland nýtur sérstöðu á heimsvísu þar sem 98% kranavatns er ómeðhöndlað. Mengunarhætta vatnshlota vegna niðurdælingar er raunveruleg og gæti haft alvarlegar og óafturkræfar afleiðingar fyrir matvælaframleiðslu, fiskeldi og heilsu almennings.

Vöktun framkvæmdaaðila kann að greina möguleg áhrif á umhverfi, en vegna eðlis starfseminnar og ófyrirsjáanlegra jarðfræðilegra þátta getur viðvörun borist of seint, þegar tjón er þegar orðið og ekki unnt að bæta úr.

- **Tilfallandi efni:** Þrátt fyrir að tilvist þeirra sé viðurkennd í [Reglugerð 1430/2022](#) og að taka beri tillit til þeirra, eru þau ekki rædd beint í þessari matsáætlun framkvæmdaaðila. Ég biðla til hans að opna hjarta sitt á þessu sviði og opinbera tilvist mögulegra efna utan koldíoxíðs fyrir íbúum auk þess að tiltaka viðbrögð við mögulegum frávikum. Ekki *sópa þessu undir teppið; ekki setja kíkinn fyrir blinda augað*. Það fylgja hugsanlega heilsuspillandi efni þar sem koldíoxíð í flutningstönkum er ekki fullkomlega hreint. Framkvæmdaaðili nefnir 0,02% af „tilfallandi efnum“. Sú tala er í mínum huga aðeins viðmið, líklega fræðileg tala og ekki studd neinum framlögðum heimildum. Fram kemur í *litteratúrnum* að hreinleiki afurða *Carbon Capture* ferilsins fari eftir tegund iðnaðar og hreinsunsaraðferð.

Vísað er til greinar *Toxicological risk assessment in CO2 capture and storage technology* um efnasamsetningu og eiturefnafræði dæmigerðs farms.

<https://doi.org/10.1016/j.ijggc.2016.10.014>

- **Framsetning:** Ég bendi *Carbfix teyminu* á það vinsamlega að vera ekki að tilkynna á íbúafundum að niðurdælingarvökvinn sé drykkjarhæfur. Það kom skýrt fram á íbúafundi í Ölfusi. Jafnframt virða okkur neytendur og vera ekki að kalla þetta „sódavatn“ og áformaðar stöðvar „sódavatnsstöðvar“. Ábyrgir frumkvöðlar sýna stillingu og hófsemi í oraðvali. *Sódavatn* er vörumerki matvælafyrirtækis á neyendamakaði sem ber að virða. Þetta er iðnaðarvökví – *non-food-grade* og sá sem að tekur kaleikinn og bergir á vökvunum innbyrðir ekki beint heilsudrykk. Miðað við áformað magn og 0,02% styrk tilfallandi efna gæti niðurdælingin falið í sér allt að 600 tonn árlega af slíkum efnum – sum með eitrunarvirkni. Í alvöru áhættumati, þar sem unnið er af alúð er ekki horft fram hjá þessari hættu! Hún er skráð og metin. Ég vænti þess að tekið verði tillit til þessarar ábendingar.
- **Umboð skortir – ófullnægjandi lagaleg og lýðræðisleg umgjörð:** Alþingi hefur ekki fjallað sérstaklega um innflutning loftslagsúrgangs og urðun hans hér á landi. Reglugerð nr. 1430/2022 var tekin upp í tengslum við *Orkupakka 3* og EES-skuldbindingar, án opinberrar umræðu eða samþykkis þjóðarinnar. EU eglugerðin var móttækin í pósti og sett strax í þýðingu. Hún felur í sér stefnumótandi breytingu með áhrif á náttúru, neysluvatn, auðlindir og samfélag og opnar fyrir óvissa starfsemi sem gæti bundið Ísland við langtímaábyrgðir. **Að mati undirritaðs hefði þurft sérstaka umræðu og nefndarvinnu á Alþingi þar sem hér er um stórt þjóðfélagslegt og pólitískt skref að ræða.**
- **Óvissa og áhætta:** Fyrirliggjandi gögn sýna að veruleg óvissa ríkir um áhrif á grunnvatn, jarðlög og vatnsstrauma. Í sams konar verkefnum, m.a. í Hafnarfirði, hefur verið fullyrt að hætta á leka úr geymslugeymi sé „óveruleg“. Með því er þó viðurkennt að hætta sé til staðar. Slík áhætta er ekki ásættanleg.
- **Samanburður við önnur lönd:** Áformin í Ölfusi (3.000.000.000 kg á ári) eru meðal stærstu Carbon Capture & Storage (CCS) verkefna heims. Reyndar þau stærstu. Á örlitlu svæði eyjunnar, í nálægð grunnvatna. Fram kemur að „...nyrsti hluti framkvæmdasvæðisins er innan grannsvæðis vatnsverndar, samkvæmt aðalskipulagi Ölfuss. Um er að ræða grannsvæði vatnsbóla ofan byggðar í vestanverðu Ölfusi, sem nær frá Herdísarvík að Hveragerði (VG1).“
- Í mörgum Evrópulöndum hefur sambærilegum verkefnum verið hafnað vegna þess að íbúar hafa áhyggjur af mengun, öryggi og samfélagslegri áhættu. Þýskaland, Holland, Ítalía og Danmörk eru meðal þeirra ríkja sem hafnað hafa slíkum áformum. Sama má segja um Bandaríkin.
- **Vatnsnotkun og staðseting:** Niðurdælingin krefst allt að 3.000 lítra á sekúndu af ferskvatni eða sjó. Það er að mati undirritaðs óásættanlegt að fórna hreinu vatni – grundvallarforsendu lífs og matvælaiðju fyrir óvissa stóriðju.
- Ég vænti þess, að haldi matið áfram, komi í umhverfismatsskýrslunni skýrt fram samantekt yfir væntanlega „dreifingu íbúa á svæði yfir geymslusvæði“ auk staðsetningar allra fyrirtækja og innviða á svæðinu og þar með matvælafyrirtækja og fiskeldisfyrirtækja. Í

Hafnarfjarðarskýrslunni fann ég ekkert um dreifingu íbúa, en „*geymslugeymir*“ var undir öllum bænum að lokum sé tekið mið af niðurstöðum hermunar/líkans. Náði yfir alls um 100 ferkílómetra svæði.

- **Þjóðarhagsmál:** Niðurdæling á erlendum loftslagsúrgangi er ekki einkamál einstakra sveitarfélaga, heldur þjóðarhagsmál. Slík framkvæmd gæti haft langtímaáhrif á orðspor og hagsmuni Íslands sem umhverfisvæns lands og gæti skapað hættu á að Ísland yrði litið á sem urðunarstað annarra þjóða.
- **Evrópusambandið og reglugerð nr. 1430/2022:** Með tilkomu reglugerðarinnar hefur ESB opnað fyrir frjálst flæði loftslagsúrgangs innan sambandsins og til EES-landa. Í grunninn markaðsvæðing úrgangs þar sem varan gengur kaupum og sölum. Ísland virðist vera af EU Brussel talið heppilegur og hagfelldur urðunarstaður. áfangastaður slíkra verkefna. Það er metið léttvæg sú staðreynd að sérstaða Íslands felst í hreinu vatni og óspilltri náttúru.

Í mörgum löndum ESB er allt neysluvatn meðhöndlað vegna **mengunar** og **sóðalegrar** umgengni við vatnsauðlindir viðkomandi. Vatnsborð brunna í Þýskalandi hefur farið lækkandi og þar ríkir vaxandi vandi í landi sem að þekkt er fyrir verkvit. Á Íslandi er hins vegar 98% neysluvatns ómeðhöndlað og fer ferskt og öruggt beint til neytenda. Það er einstakt á heimsvísu og ber að vernda. Spurning að setja upp endurmenntunarprógramm fyrir starfsmenn Evrópusambandsins í Brussel hér á landi um hollustuhætti og náttúruvernd? Viðskiptatækisfærin eru alltumlykjandi!

Ég legg ríka áherslu á að þessi áform verði stöðvuð án tafar; að tryggt verði að íslenskt neysluvatn og náttúruauðlindir njóti fullrar verndar og að víðtæk þjóðfélagsumræða og umræða á Alþingi Íslendinga fari fram áður en tekin er ákvörðun um framgang þessa og skyldra verkefna.

Ísland er ekki urðunarstaður Evrópu. Ísland er ekki ruslahaugur annarra ríkja. **Okkur ber skylda** til að standa vörð um landið og vatnið okkar og slíkt skeður ekki af sjálfu sér.

Með vinsemd,

Hákon Jóhannesson

Matvælafræðingur, aðgerðarsinni

á sviði náttúruverndar og hollustuhátta

Vegna: Máls nr. 1048/2025, Coda stöðin Ölfusi (Kynning tillögu að áætlun)

Athugasemd:

Ég mótmæli niðurdeilingu eitururgangs í landi Ölfuss við þurfum að hugsa til framtíðar ég sjálf á stóran hóp afkomanda ,hér er besta vatn í heimi TÖKUM ENGA SÉNSA kv Guðbjörg Þóra orginal þorpari

Höfundur: Guðbjörg Þóra Davíðsdóttir

Sent inn þann: 26.08.2025